

Вúфрæдiнгутии

2017





DEUTZ-FAHR 5-línan.

5-línan frá DEUTZ-FAHR er með vinsælastu vélum sem við höfum selt frá DEUTZ – FAHR. Frábærar alhliða vélar sem henta einstaklega vel sem tækjavélar á flest búi. 5-línan býr yfir lipurð, afli og seiglu. Þetta eru vel útbúnaðar vélar í stærðunum 105, 110 og 125 hö með aukabúnaði sem kemur sér vel við bústörfin. Rúmgott 4ra pósta hús, fáanlegt með loftkælingu og topplúgu. Loftpúðaþaðrandi sæti ásamt góðu farþegasæti.

Véin er m.a. útbúin: ■ *ECO vökvadælu.* ■ *STOP&GO „túrbo kúplingu“* ■ *Tvöfaldri stýrisdælu.* ■ *Átaksstillanlegum vendigír* ■ *Alvöru vökvaútskjótanlegum dráttarkrök* ■ *Kúplingsrofa í gírstöng. - ofl. ofl.*



PÓR 

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Lónsbakka
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is

Greinar:

Breytt búfræðinám	4
Lokaverkefni í Búfræði	7
Beint frá býli	12
Ullarselið á Hvanneyri	15
Nýir búvörusamningar	17
Búfjárræktarferðin 2017	19
Hlunnindi og nýsköpun	25
Mikilvægi jaðardreifingar	29
Atferli og velferð búfjár	32
Hann Magnús Óskarsson	36
Að vera verknámsbóndi	41
Býflugnarækt	46

Annað efni:

Kynningar á útskriftarnemum
Sögur frá eldri búfræðingum
Brot úr verknámsdagbókum
Nemendafélag Lbhí
Hestamannafélagið Grani
Hrútavinafélagið Hreðjar
Kúavinafélagið Baula

Nú er dvöl okkar að enda komin hér á Hvanneyri, er við ljúkum seinna árinu í Búfræði. Það er ekki annað hægt en að segja að upplifun hér hafi verið rosalega skemmtileg og fræðandi. Varla er hægt að halda lengra áfram án þess að staldra við og hugsa um hvað þessi bekkur okkar sem er að útskrifast nú í vor er samheldin og hversu skrítið það verður að hitta ekki alla á hverjum degi, en þá má huga að hvað það verður gaman er við munum hittast sem heild á ný í framtíðinni. Nú þegar er komin tilhlökkun í hópinn fyrir útskriftaferð okkar. Stefnan verður tekin á meginland Evrópu, þar sem ferðast verður um landbúnaðarhéruð Þýskalands, Lúxemborgar, Belgíu og Hollands. Nú um veturinn sem leið hafa verið tekin fyrir hin ýmsu búverk og önnur tilfallandi störf í fjáröflunarskyni fyrir þessa miklu reisu, sem bændur og annað búalið hefur boðið okkur. Við viljum þakka þeim öllum er lagð hafa okkur lið kærlega fyrir.



Útskriftarhópur búfræði 2017

Ritnefnd 2017:

Alex Rafn Elfarsson	Gunnar Örn Kárason
Alexandra Rut Jónsdóttir	Hafsteinn Ingi Gunnarsson
Bryndís Karen Pálsdóttir	Harpa Björk Eiríksdóttir
Fanney Lind Hauksdóttir	Hjördís Ólafsdóttir

Umbrot & hönnun:

Hafsteinn Ingi Gunnarsson

Prófarkalestur:

Þórunn Reykdal

Forsíðuteikning:

Alex Rafn Elfarsson

Breytt búfræðinám

Haustið 2015 var tekin í notkun ný námskrá í búfræði við Lbhí. Um leið var uppsetningu námsins breytt þannig að byrjað var að kenna eftir stuttannakerfi og uppröðun námsins endurskoðuð að hluta. Fram að því hafði verið kennt á hefðbundnum framhaldsskólaönnum sem voru u.þ.b. 14 vikur. Fyrsta árs nemar hófu nám í byrjun september og lærðu grunnfög fram að jólum. Þetta voru áfangar eins og efnafræði, búfjárrækt, upplýsingatækni, bókhald o.fl. Eftir áramót tók við 10 vikna önn og svo fóru nemendur í verknám fram á sumar. Á seinna árinu var fyrirkomulagið þannig að nemendur hófu nám um miðjan september og lærðu sérhæfðari áfanga á hefðbundnum önnum fram á vor.

Við endurskoðun á námskránni árið 2015 var ákveðið að fara í nokkrar breytingar. Þær helstu eru að breyta uppsetningu námsins þannig að kennt er á 7 vikna stuttönnum og þá kenndir færri áfangar á hverri önn. Heildartími námsins er jafnlangur og hann var en á haustin eru tvær stuttannir sem og á vorin. Við þessa breytingu voru nokkrir áfangar minnkaðir eða þeim skipt upp í tvo áfanga, sem dæmi er líffæra- og lífeðlisfræði I og II. Felldir voru út áfangar í efnafræði og bókhaldi þar sem auðvelt er fyrir nemendur að sækja sér þá þekkingu í öðrum framhaldsskólum áður en þeir hefja nám í búfræði. Um leið var hægt að bæta við öðrum skyldfögum sem höfðu ekki verið kennd undanfarin ár, þetta eru áfangar eins og markaðsvitund og gæðastýring og atferli búfjár. Einnig var hægt að bæta við valáföngum sem eru sérhæfðir fyrir búfræðinám, sem dæmi má nefna járnngar, úrbeiningu, mjaltþjóna, heilfóðurkerfi og verklega jarðvinnslu.

Nemendum og kennurum hefur flestum gengið vel að aðlaga sig að þessum breytingum. Þó er fyrir séð að námið verður áfram í þróun enda verður það að fylgja breytingum í starfsgreininni eins mikið og kostur er.

Ólöf Ósk Guðmundsdóttir
Brautarstjóri búfræðibrautar



Hvað finnst nemendum og kennurum um nýja kerfið?

Lögð var fyrir skoðanakönnun meðal nemenda þar sem þeir voru beðnir um segja sína skoðun á hvernig þeim fannst námið búið að vera, 70% nemenda svaraði skoðunarkönnunni. Fyrsta spurningin var sú hvort nemendur vissu að það væri búið að breyta námskránni og fyrirkomulaginu áður en þau mættu í skólann haustið 2015, 82 % af nemendum vissu það ekki. Enda er stór hluti af þeim sem sækir um búfræðinám löngu búinn að ákveða að þau ætla í þetta nám og fyrirkomulagið sé ekki aðalatriðið heldur menntunin.

Allir nemendur eru sammála að stuttannakerfið sé gott. Þegar nemendur voru spurðir hvað þeim fannst um námið komu mörg skemmtileg svör og hægt að lesa úr þeim að fólk er almennt mjög ánægt, en auðvitað eru byrjendaörðugleikar í skipulagningu, eins og með álag í lok anna og stundum mjög erfiðir áfangar allir á sömu önninni, en auðvitað eru áfangar miserfiðir fyrir nemendur.



Nemendur og kennarar á sumarnámskeiði í áfanganum Vélar og tæki 2



Sumarnámskeið í járnngum 2016

Næsta spurning var hvað nemendur myndi vilja breyta við nýja kerfið og það vantaði ekki svörin eins og venjulega hjá þessum bekk. Skipulagið og að gefa sumum áföngum meiri tíma en bara eina önn var svarið. Svo tekur bara tíma að aðlaga kerfið fyrir kennara sem kannski voru margir vanir að kenna í gamla kerfinu. Einnig var bent á að það væri ekki gott að vera alltaf að breyta stundatöflunni með svona stuttum fyrirvara eins og bekkurinn hefur verið að lenda í. Því næst var spurt að hvaða áfangar myndu þurfa lengri tíma, mjög fjölbreytt svör þar þar sem allir taka ekki áföngum eins. Nefndir voru lykiláfangar eins og nytjaplöntur, jarðvegsfræði og bókhaldsáfangar, verklega áfangar eins og búsmíði, járn og málmsuða.



Nemendur á námskeiði í úrbeiningu

Síðasta spurningin sem nemendur fengu var hvaða áfangar nemendur töldu vera erfiðasta í nýja kerfinu. Voru nemendur sammála að áfangar þar sem kennarinn þjappaði efninu bara á styttri tíma en einfaldaði ekki voru erfiðir, einnig þegar kennarar voru að kenna í báðum kerfum samtímis á fyrsta árinu, þá var það stundum ruglingslegt. Yfir heildina er bekkurinn ánægður með námið og ef það er eitthvað sem hefur gert þennan hóp eins samheldinn og hann er þá er það að ganga í gegnum það að vera fyrsti hópurinn í nýrri námskrá.

Kennarar fengu einnig skoðanakönnun og um 60% kennara svöruðu. Fyrsta spurningin var hvernig þeim

fannst stuttannakerfið. Meirihlutanum fannst það gott en 33% fannst það vera í lagi en margt sem má laga enda væri það óeðlilegt ef kerfið væri fullkomið í fyrstu tilraun. Næsta spurning var hvernig fannst þér stuttannakerfið fara í nemendur, helmingur taldi það fara vel í nemendur og hinn helmingurinn taldi það fara misvel í nemendur enda er það alveg eðlilegt að það séu mismunandi skoðanir á því hvernig kerfið fer í nemendurnar. Þriðja spurningin var hvorn kostinn myndu þau velja og 100% vildu stuttannakerfið. Næsta spurning voru hvort þeim fannst efnið vera kennt of hratt í stuttannakerfinu. Kennarar voru mjög sammála og fannst engum kennara námsefnið vera kennt of hratt. Þegar spurt var út í kosti stuttannakerfis var svarið: “að gott væri að geta einblínt betur á efnið” og “einnig væri þetta miklu betra fyrir verklega kennslu, hægt að hafa verklega tíma fyrr á haustin og eiginlega þegar hentar miðað við árstíma”.

Síðasta spurning var hverjir væru helstu gallar stuttannakerfisins (enda eru ekki til gallalaus kerfi). Sumum fannst vera of lítil tími og öðrum of mikið álag á nemendur. Síðan voru það nokkrir sem svöruðu að með góðri skipurlagingu ættu ekki að vera gallar á kerfinu og ef að kennarar sem og nemendur skipuleggi sig vel í byrjun ætti ekki að koma til vandamála síðar á önninni.

Áhugavert var að leita eftir skoðunum kennara og nemenda um námið, yfir heildina litið eru flestir mjög ánægðir en auðvitað var Róm ekki byggð á einum degi og búfræðinám framtíðarinnar mun taka breytingum, þar sem framfarir, reglugerðir og vinnuumhverfi er sífellt að breytast. Með samvinnu nemenda og kennara eins og þessi hópur hefur farið í gegnum, er hægt að betrubæta kerfið ár frá ári. Að það sé hlustað á hvað nemendur vilja og hvað þeim finnst er mjög mikilvægt til að halda áfram þeirri þróun að gera búfræðinámið að því námi sem það þarf að vera til að efla bændastétt framtíðarinnar. Námið er svo fjölbreytt og leyfir okkur svolítið að sjá hvað það er mikið sem bóndinn þarf að vita og kunna til að geta rekið sitt bú almennilega. Gras er ekki bara gras og með metnaði er hægt að ná langt.

Harpa Björk Eiríksdóttir tók saman





Alex Rafn Elfarsson

26. maí 1995 - Ísafirði

Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Ég veit ekki alveg hvað varð til þess að ég kom, þessi hugmynd kom upp árið áður en ég mætti. Ég var ekki búinn að ákveða neitt fyrr en ég var kominn inn. En djöfull er ég fegin að hlutirnir þróuðust svona

Hefur námið breytt viðhorfi þínu til landbúnaðar?

Áður en ég kom ætlaði ég mér aldrei að fara sjálfur út í búskap en núna gæti verið möguleiki seinna meir

Hvað tekur við eftir nám?

Ég er að flytja til Reykjavíkur í haust og kem örugglega til með að gera eitthvað skemmtilegt af mér þar

Hvert er eftirminnilegasta atvikið?

Telst það vera eftirminnilegt ef það muna það allir nema ég? Ég kom hlaupandi af Kollunni eitt fimmtudagskvöldið í rigningu og það endaði ekki betur en það að ég steypist á andlitið rann 3-4 metra á andlitinu með hælana fyrir fyrir ofan haus

Hvert fórstu í verknám?

Ég var á Stóra-Vatnshorni í Haukadal

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

10-15 árum eldri...

Gullmoli bekkjarins?

Ostur er góður - Bragi eða þá pinnatætarinn hennar Bryndísar

Hver er mesti stórbóndi bekkjarins?

Ég veit ekki betur en að Jóhannes eigi 1000 kindur bæði í Öxafirði og í Kelduhverfi

Ef þú værir nytjaplanta, hvaða planta værir þú?

Ætli ég væri ekki háliðgras, stór og allt í lagi í hófi, en ekkert mikið meira en það

Ertu á lausu?

Já

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Nei ekkert frekar

Geta hænur flogið?

Ef þú kastar henni nógu fast!

Þráinn Ingólfsson

25. nóvember 1993 - Halakoti í Flóa



Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Var gamall draumur um að verða bóndi

Skemmtilegasti tíminn í skólanum?

Líffæra- og lífeðlisfræði eru áhugaverðir tímar

Hefur dvölin hér á Hvanneyri breytt þér?

Já ætli það megji ekki segja að það renni bjór í æðum mér núna

Hvert er eftirminnilegasta/vandræðalegasta/skemmtilegasta atvikið?

Hér er allt eins og blómstrið eina

Lýstu dvölinni á Hvanneyri í þrem til fimm orðum?

Góður félagsskapur í áhugaverðu námi

Hvert fórstu í verknám?

Stóra-Ármót í Flóahreppi

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Ef ég elti drauminn verð ég orðinn stórbóndi

Hvað tekur við eftir nám?

Einhver vinna og hugleiðingar um hvaða möguleika ég hef á búskap

Gullmoli bekkjarins?

Silja Rún Stefánsdóttir (strákar hún er á lausu)

Hver er mesti stórbóndi bekkjarins?

Kristján Valur Sigurjónsson hann á róbót

Ef þú værir nytjaplanta, hvaða planta værir þú?

Njóli, hávaxinn og treður sér alls staðar

Ertu á lausu?

Nei

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Nei

Hvort er betra á bragðið innflutt eða innlent kjöt?

“INNFLUTT!....ehh”

Lokaverkefni í Búfræði

Jóhannes Kristjánsson, starfandi námsbrautarstjóri búfræðibrautar



Sú nýlunda er nú í búfræðináminu á Hvanneyri að nemendur vinna lokaverkefni á öðru ári. Tilgangur lokaverkefnis er að nemandi geti valið sér verkefni á sínu áhugasviði, öðlist meiri þekkingu og færni. Hver og einn nemandi ber ábyrgð á umfangi og framvindu á eigin verkefni og því reynir þetta á sjálfstæði og öguð vinnubrögð. Nemendur vinna og þróa verkefni í samstarfi við kennara og skila þeim svo í lok annar ásamt kynningu á verkefni.

Verkefnið getur snúist um hvað sem er tengt landbúnaði, verklegt eða bóklegt, og getur til dæmis snúist um að þróa hugmyndir, rannsóknir, smíðaverkefni eða verið heimildaritgerð. Þeir nemendur sem útskrifast í vor verða þeir fyrstu sem vinna að lokaverkefni skv. þeirri námskrá búfræðibrautar sem tekin var í notkun haustið 2015.

Fyrir valinu urðu margvísleg ólík verkefni, sem dæmi:



- Þrír nemendur útbjuggu bæði svína- og geitastíu og ólu tvö svín fram á vor ásamt því að halda tvær geitur.
- Einn nemandi hannaði og smíðaði grjóthreinsunartromlu til að grjóthreinsa flög.
- Klaufsnyrtigangur: Nemandi hannaði og smíðaði gang til að lyfta nokkrum kindum í einu upp í vinnuhæð til þess að auðvelda klaufsnyrtingu.
- Uppsetning velferðarstíu: Í samstarfi við Hvanneyrarbúið er verið að setja upp tvo velferðarbása fyrir mjólkurkýr.
- Hönnun á útihúsum: Nokkrir nemendur eru að hanna og skoða kostnað við breytingar/nýbyggingar á útihúsum.
- Fóðrun sauðfjár: Skoðuð er fóðrun sauðfjár í tengslum við holdastigun.



Gaman verður að sjá útkomu verkefnanna nú í vor og hvernig þessi nýi áfangi mun breytast og þróast á komandi árum. Einnig mun þessi reynsla vonandi nýtast nemendum til framtíðar þar sem þau öðlast meira sjálfstæði og reynslu sem þau taka með sér út í atvinnulífið eftir skólann.



Nemendafélag Landbúnaðarháskólans

Sem nemandi við Landbúnaðarháskóla Íslands og formaður nemendafélagsins kynni ég með stolti einn flottasta skóla landsins. Skólinn hefur uppá margt að bjóða hvort sem lítið er á háskólanám eða námsleiðir í starfsmenntunardeild. Á háskólastigi er hægt að velja um fimm mismunandi brautir en það eru búvísindi, hestafræði, náttúru- og umhverfisfræði, skógfræði og landgræðsla og umhverfisskipulag. Vert er að taka fram að skólinn býður líka uppá meistara- og doktorsnám, gott samstarf er milli Landbúnaðarháskólans og háskóla erlendis fyrir þá sem hafa áhuga á því að víkka sjóndeildarhringinn. Námsbrautir í starfsmenntunardeild eru af ólíkum toga en þar má nefna búfræði, blómaskreytingar, garðyrkjuframleiðslu, skógur/umhverfi og skrudgarðyrkju. Vert er að nefna að skólinn býður upp á bestu þjónustu fjarnáms sem völ er á fyrir flestar brautir og sérstaklega þegar lítið er á háskóladeildirnar.

Landbúnaðarháskólinn hefur starfstöðvar víða um land en kennsla fer að mestu leyti fram á Hvanneyri í Borgarfirði og Reykjum í Ölfusi. Landbúnaðarháskólinn er frekar lítill og tel ég það vera algjör forréttindi að geta menntað sig í fámennum skóla. Starfsmenn og nemendur kynnast vel og skólinn verður eins og ein stór fjölskylda. Öll samskipti eru mjög persónuleg og allir til í að hjálpa ef eitthvað bjátar á. Ekki skemmir fyrir að stærstur hluti starfsfólks og nemenda hefur aðsetur á svæðinu hvort sem um ræðir Hvanneyri eða Reyki sem þjappar hópnum enn betur saman. Nemendafélag Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri er mjög virkt og viðburðir þess draga að fólk víðsvegar að landinu. Það verður enginn svikinn af því að skella sér á skral á Hvanneyri því get ég lofað. Stærstu viðburðir félagsins eru leðjuboltinn, viskukýrin, hrútauppboðið, árshátíð, nýnema fögnuður, hrekkjavaka og bjórboltinn svo fátt eitt sé nefnt. Það þarf þó ekki viðburði til þess að nemendur komin saman þar sem Kollubar er alltaf opin á þriðjudögum og fimmtudögum og nemendur duglegir að nýta sér það. Bæði félags- og skólalíf er til fyrirmyndar en alltaf má gott bæta og margt sem byrjað er að skipuleggja fyrir komandi námsár, það eru því spennandi tímar framundan. Ég hvet alla til að kynna sér nám við Landbúnaðarháskóla Íslands og verða hluti af þessu einstaka samfélagi. Ég er bæði þakklát og stolt af því að vera nemandi við Landbúnaðarháskóla Íslands og myndi engu vilja breyta.



Stjórn nemendafélagsins 2017-2018



Leðjuboltinn



Búfjárræktarferðin

Fyrir hönd nemendafélagsins
Þuríður Lilly Sigurðardóttir, formaður

Hestamannafélagið Grani

Hestamannafélagið Grani heyrir undir nemendafélag LBHÍ. Markmið félagsins er að gæta hagsmuna hestamennsku nemenda í LBHÍ og stuðla þannig að bættri meðferð hrossa, efla hestaípróttir, kynbætur reiðhrossa, styrkja félagslegt samstarf hestamanna og vekja áhuga nemenda á hestaípróttinni.

Félagið stendur fyrir ýmsum viðburðum ár hvert og þennan veturinn höfum við brallað margt skemmtilegt. Eftir að ný stjórn tók formlega við var okkar fyrsta verk að selja merktar Granapeysur frá Cintamani. Salan gekk virkilega vel og seldust um 80 peysur. 15 nóvember lá leiðin vestur það sem 80 manns heimsóttu Söðulsholt og Rauðkolsstaði, þar var boðið uppá ýmsar veitingar og margt sem gladdi augað. Reynt var að halda járníngarnámskeið en ekki voru nægilega margir sem sýndu áhuga svo það hefði borgað sig. Félagið stóð fyrir námskeiði í múlahnýtingum sem heppnaðist einstaklega vel og færri komust að en vildu. Þrípraut var felld niður vegna lélegrar þátttöku sem okkur þótti afar sorglegt en sýnikennsla með Bjarka Þór Gunnarssyni gekk einstaklega vel og þeir u.þ.b. 100 manns sem mættu litu út fyrir að vera mjög glaðir með sýninguna. Fjórangsmót og tölmtót var einnig haldið á Mið-Fossum, þátttaka var góð og keppni bæði sterk og skemmtileg. Að lokum var svo skeifudagurinn mikli haldinn hátíðlegur sumardaginn fyrsta 20. apríl með tilheyrandi húllum hæ og stóðhestahappdrætti. Á þessum degi er vaninn að búfræðinemendur í Reiðmennsku III komi fram og sýni afrakstur vetrarins og etja þeir kappi um Gunnarsbikarinn. Einnig er ár hvert veitt verðlaun fyrir þá nemendur sem skarað hafa fram úr í hrossarækt yfir veturinn, Morgunblaðsskeifan er veitt, Framfarabikar Reynis, Eiðfaxabikarinn, Reynisbikarinn auk verðlauna sem FT gefur fyrir ásetu. Um leið keppa nemendur í Reiðmanninum, sem er á vegum endurmenntunardeildar Landbúnaðarháskólans um Gunnarsbikarinn, auk þess sem þennan dag fer fram útskrift nemenda úr Reiðmanninum. Þetta er einskonar uppskeruhátíð fyrir nemendur og mikið um að vera þar sem allir eru hjartanlega velkomnir að koma og blanda gleðskap.



*Eva Margrét Jónudóttir
Formaður Grana*

Hrútavinafélagið Hreðjar

Hrútavinafélagið Hreðjar var stofnað haustið 2003 af nokkrum vöskum sauðfjár-unnendum sem voru í námi hér á Hvanneyri þann vetur. Helstu markmið félagsins eru að auka áhuga og þekkingu fólks á sauðfé og koma því í skilning um að íslenska sauðkindin sé konungur dýranna.

Síðasta haust byrjuðum við á að fá Jón Geir frá Gröf í Skaftártungu til að vera með sýnikennslu um tamningu og notkun á Border Collie fjárhundum og var sá viðburður vel sóttur og heppnaðist í alla staði afar vel. Næst á dagskránni var svo hin árlega Dalaferð þar sem farið er á haustfagnað Félags sauðfjárnænda í Dalasýslu. Þar var sviðaveisla og ball á föstudagskvöldi, á laugardeginum voru síðan hrútasýningar og opin hús, þar á eftir héldum við í reiðhöllina í Búðardal þar sem Íslandsmeistaramótið í rúningi fór fram. Kvöldið endaði síðan með grillveislu og balli í Dalabúð. Næst var ákveðið að halda fyrstu árlegu rúningskeppni Hrútavinafélagins sem ætluð er fyrir nemendur Landbúnaðarháskólans og



Rúningskeppnin

fyrsti sigurvegarinn var enginn annar en Daníel Atli Stefánsson frá Klifshaga 2 í Öxarfirði. Mæting á þennan viðburð var framar vonum og stappfylltist fjárhúsið á Hesti á meðan á keppninni stóð.

Næst var svo komið að stærsta viðburði félagsins, Hrutauppbóðið sem ávallt fer fram á föstudeginum fyrir árs hátíð Nlbhí. Þar er hægt að kaupa sér hlut í hrútinum Hreðjari og veitir sá hlutur rétt til að mæta í grillveislu sem haldin er um vorið. Þessi viðburður er jafnan afar vel sóttur og góð stemning myndast og var uppboðið í ár engin undantekning. Eftir áramótin var síðan haldið í ferð þar sem skoðuð voru fjárhús og ábúendur sögðu okkur frá hvernig þeir haga sínum búskap. Að þessu sinni fórum við að Sámstöðum í Hvítárssiðu, Sigmundarstöðum í Þverárhlið og Hrísum í Flókadal. Viljum við þakka bændunum á þessum bæjum fyrir frábærar móttökur. Síðasti viðburður Hrutavinafélagsins var síðan hið árlega Hreðjarsgrill sem fór fram síðasta vetrardag, þar gátu þeir sem keyptu sér hlut í hrútnum mætt saman og borðað dýrindis lambakjöt og haft gaman.

Jón Atli Jónsson
Forystuhrútur

Kúavinafélagið Baula



Stjórn Baulu 2016-2017

Kúavinafélagið Baula var stofnað þann 24. nóvember 2015 af nemendum Landbúnaðarháskólans. Aðal tilgangur félagsins er að stuðla að og ýta undir áhuga og þekkingaröflun hjá ungu fólki um nautgriparækt í heild sinni með því að fara í skoðunarferðir og halda kynningar á nautgriparækt. Þó félagið sé ungt hefur það staðið fyrir hinum ýmsu viðburðum og vonandi orðinn fastur liður í félagsstarfi skólans. Félagið hefur staðið fyrir tveimur skoðunarferðum þar sem kúabú í Borgarfirði og nærliggjandi sveitum voru heimsótt sem og á Nautastöðina á Hesti. Umsjónarmenn Hvanneyrarbúsins voru einnig fengnir til að kynna sitt starf og rekstur búsins. Félagið stóð svo fyrir Dellubingói og Bændahreysti í Hvanneyrarfjósinu. Viðbrögð við stofnun félagsins og viðburðum þess hafa farið fram úr öllum vonum og þakka meðlimir innilega þeim sem hjálpað hafa til við að gera þessi upphafsár félagsins eins skemmtileg og viðburðarík og raun ber vitni.

Vigfús Ægir Vigfússon
Gjaldkeri Baulu

Sögur frá eldri Búfræðingum

Guðmundur Jónsson (þáverandi skólastjóri) kom að nokkrum strákum við að brugga á efstu hæðinni í gamla skólanum og segir „hvað eru þið að gera strákar?“ Þeir svöruðu „við erum að gera smá tilraun“. Þá sagði Guðmundur „tilraunir eiga rétt á sér“ og gekk út, hann sá það sem hann vildi sjá.

Eftir útskrift, urðu nokkrir strákar eftir til að vinna á Hvanneyrarbúinu yfir sumarið. Kona Guðmundur var á þeim tíma uppnefnd „Sleggja“ af strákunum. Strákarnir voru einn daginn sendir að girða og fóru þeir til Guðmundar og sögðust vanta sleggju til að lemja niður staurana, hann sagði þá „ja, hún fór nú til Reykjavíkur í morgun“. Þá vissi karlinn uppnefnið.

Nokkrir strákarnir voru að detta í það uppí Nýja skóla, þar sem það var á döfinni að fara á skemmtun, sást þá til Maggi á Hnúki að hlaupa á milli Nýja skóla og Gamla skóla. Strákarnir í Gamla skóla fóru að undra sig á þessu atferli og þegar hann var spurður um ástæðu svaraði hann „ég er aðeins farinn að finna á mér, og ég ætla að reyna að ná því af mér“ og var það til að það myndi ekki sjást of mikið á honum.

Jónas Guðjónsson

8. október 1993 - Síðumúlaveggjum í Hvítársíðu



Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Mig hefur alltaf langað í þetta nám og hér liggur áhugasviðið mitt

Hvað tekur við eftir nám?

Stunda lotto af krafti og koma mér inn í búið heima af alvöru og rífa það upp á öllum sviðum

Hverjar eru þrjár nauðsynlegustu eigur

Hvanneyrings?

Bjór, ostur og lopapeysan

Hvert fórstu í verknám?

Að Voðmúlaskólinum í Landeyjunum

Hvað var eftirminnilegast/skemmtilegast úr verknáminu?

Skemmtilegast var að komast í jarðvinnsluna og kynnast henni. Eftirminnilegast var að kynnast öðrum búskaparhátum og að sjá hvernig hægt er að reka gott bú og njóta lífsins

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Vonandi sem afdalabónda á ættarjörðinni

Hver er harðasti sauðfjárþóndi bekkjarins?

Því miður vitleysingurinn hann Jón Atli. Hann mun á endanum gefa sig og verða kúabóndi og selja John Deere-inn!

Ef þú værir nytjaplanta, hvaða planta værir þú?

Einhver vel gagnslaus nytjaplanta eins og skriðin snarrót

Hvert er eftirminnilegasta atvikið?

Eftirminnilegast var þegar bekkjarbróðir minn læsti næturgest sinn inn í herbergi hjá sér og mætti í tíma

Draumurinn að búa með?

Kýr, nokkrar ær, hross og vinnukonum

Ertu á lausu?

Já

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Allan daginn! Hefur ekki gengið beint vel

Hvort er klaufdýr, kind eða kú?

Bara bæði, heh...mestmegnis



Hafsteinn Ingi Gunnarsson

15. desember 1992 - Kvíum 1 í Þverárhlíð (og Reykjavík)

Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Ég hef alltaf haft gaman af landbúnaði og sveitarstörfum og því fannst mér kjörið að mennta mig á því sviði

Skemmtilegasti tíminn í skólanum?

Búsmíðin hjá Hauki Þórðar toppar allt

Hefur námið hér á Hvanneyri breytt þér?

Alveg klárt mál, besta ákvörðun sem ég hef tekið!

Hvað tekur við eftir nám?

Vinna við landbúnað og skóli lífins

Hvert er skemmtilegasta atvikið?

Þau eru of mörg og flest ekki birtingarhæf í svona virðulegu blaði.

Lýstu dvölinni á Hvanneyri í þrem til fimm orðum?

Og, fá, sér

Hvert fórstu í verknám?

Kanastaði í Austur-Landeyjum

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Að moka skít einhversstaðar í afdölum

Hver er harðasti kúabóndi bekkjarins?

Jón Atli kemur sterkur inn

Hver er harðasti sauðfjárþóndi bekkjarins?

Kristján Valur klárlega

Ef þú værir nytjaplanta, hvaða planta værir þú?

Ætli ég væri ekki bara Vallarsveifgras, lágvaxinn með keilulaga punt

Lýstu bestu sveit í þremur orðum

Fögur er hlíðin

Ertu á lausu?

Neibb

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Nei ekkert frekar, en það tókst þó...

Hvað er Sleipnir með margar fætur?

Sleipnir? Ahm, 100?

Beint frá býli

Þorgrímur Einar Guðbjartsson, formaður



Beint frá býli er félag heimavinnsluaðila um allt land. Félagið var stofnað á Möðrudal á Fjöllum 29. febrúar 2008. Félagar eru um 100 og dreifast nokkuð jafnt um landið. Aðeins um nýliðið starfsár: Félagið fékk styrk frá ráðherra til að fara í gerð gæðahandbókar fyrir félagið og drög að gæðahandbók, sem síðan verður staðfærð að hverjum framleiðenda.

Samið var við Elfu Björk Sævarsdóttur, ráðgjafa í gæðastjórnun um verkið. Haldnir voru nokkrir vinnufundir með Elfu til að fara yfir skjöl og gögn gæðahandbókarinnar. Gæðahandbókin inniheldur verkferla fyrir félagið, svo sem utanumhald á málum og afgreiðslum, sem og ferla við því hvernig svara skuli erindum og skráningu þeirra. Þessari vinnu lauk í byrjun þessa árs með heilstæðri gæðahandbók fyrir félagið.

Við sendum út nokkur fréttabréf á árinu, um málefni líðandi stundar og áminningum um þátttöku í mörkuðum og fl. Farið var í auglýsingaherferð í samstarfi við RÚV sl. haust þegar umræðan var í hámarki hjá sauðfjárþændum að selja beint. Auglýsingarnar vöktu mikla athygli og var merkjanlegt hvað fleiri höfðu samband við marga af félögum og stofnuðu til viðskipta. Í kjölfarið á auglýsingu MAST um að framleiðendur þyrftu að hafa leyfi, höfðu nokkrir samband við félagið og óskuðu eftir leiðbeiningum þar um. Var þeim bent á nýgengin úrskurð ráðuneytis þar um að það væri á vegum Heilbrigðiseftirlits að gefa út slíkt leyfi, enda væri ekki um neina vinnslu að ræða heldur einungis sölu, en flestir sem höfðu haft samband við MAST fengu engin svör. Virðist þetta vera enn eitt dæmið um vanmátt þessarar stofnunar.

Reglugerð um litlar matvælavinnslur var sett sl. haust.

Eitt af fyrstu verkum stjórnar var að fara á fund með starfsmönnum ráðuneytis og skýra frá afstöðu sinni til reglugerðarinnar, en félagið hafði skilað inn athugasemd í febrúar og var síðan boðið að koma með frekari athugasemdir í maí. Í stuttu máli var ekki tekið tillit til athugasemda okkar og langar mig aðeins að fara í gegnum það hvernig við byggðum okkar athugasemdir upp. Í kjölfarið var haft samband við okkur og við beðin um að koma með tillögur að viðmiðunarmagni. Ræða þetta aðeins.

Um mitt sumar var boðað að í smíði væri reglugerð um meðhöndlun á sauða- og geitamjólk til matvælavinnslu. Félagið var beðið um að koma með athugasemdir. Við komum á framfæri lítilsháttar athugasemdum varðandi misræmi milli mjólkurtegunda sem tekið var tillit til þar sem flestir sem gáfu umsögn vöktu athygli á því sama.

Reglugerð þessi tók svo gildi í desember, en sem svo oft áður er MAST ekki tilbúið til að veita leyfin, þar sem þar á bæ er ekki búið að útbúa reglur eða kynningarefni fyrir væntanlega mjólkurbændur til að útbúa sína aðstöðu.

Síðastliðið ár hefur verið bryddað uppá því að efna til meiri samvinnu milli Opins landbúnaðar, Ferðaþjónustu bænda og Beint frá býli. Hafa verið haldnir 2-3 fundir þar um og á síðasta ári var ákveðið að setja smá kraft í þessa vinnu og skipuleggja ferð til Noregs til að kynna því hvernig Norðmenn haga sinni samvinnu og eða samstarfi. Farið verður í þessa ferð núna uppúr 20. apríl. Farið verður til Óslóar og ekið til Bergen á 3-4 dögum. Það verður komið við hjá félögum innan vébanda Hanen, sem er samstarfsvettvangur sambærilegra fyrribæra og Bfb í Noregi. Hanen menn munu eiga samræður við fulltrúa frá Íslandi og vonandi getum við lært eitthvað af þeim.



RJÓMABÚIÐ
ERPSSTAÐIR



Haustið 2015 sendi þáverandi þingmaður Jóhanna María Sigmundsdóttir fyrirspurn á landbúnaðarráðherra um hvort til greina kæmi að hefja vinnu við að heimila sölu á ógerilsneyddri mjólk í milliliðalausri sölu. Tók ráðherra vel í það og svaraði að kæmi beiðni þar um myndi hann láta þá vinnu fara í gang.

Í ljósi þessa hefur stjórn nú unnið að erindi til ráðherra, þar sem óskað er eftir að sú vinna fari í gang, sem og vinna við að heimila vinnslu á ostum og öðrum vörum úr ógerilsneyddri mjólk, samanber það sem þekkist víða erlendis. Eigum við ekki von á öðru en því verði vel tekið af hálfu ráðherra, þar sem sú ríkisstjórn sem nú situr hefur lýst

því yfir að vilja stuðla að breytingum í landbúnaðarmálum, til að auka fjölbreytni innan búgreina og verði heimillt að gera osta úr ógerilsneyddri mjólk yrði það lyftistöng fyrir þá sem vilja framleiða heima.

Næstu verkefni

Senda bréf til landbúnaðarráðherra með ósk um að leyfilegt verði að selja og vinna úr ógerilsneyddari mjólk

Ný heimasíða félagsins

Undirbúa tíu ára afmæli félagsins á næsta ári

Átaksverkefni um geita- og sauðamjólkurframleiðslu í samstarfi við FI, LS og GFR



Jón Atli Jónsson

21. janúar 1990 - Gröf í Skaftártungu

Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Ég valdi búfræðinámið vegna þess að það höfðaði til mín og af því að mig langaði til að vinna við landbúnað í framtíðinni. Það sem fékk mig til að fara á Hvanneyri var áhuginn fyrir landbúnaði og sérstaklega ást mín á íslensku sauðkindinni, sem er, eins og allir ættu að vita, Konungur dýranna

Hefur námið hér á Hvanneyri breytt þér?

Já, það hefur fengið mig til að hugsa um hvað rekstrarhlutinn á búi er rosalega mikilvægur. Það er nauðsynlegt að reksturinn gangi jafn vel og ræktunarstarfið

Hvað tekur við eftir nám?

Vinna, vinna og vinna og ekki má gleyma útskriftarferðinni. Síðan býst ég við að taka við búinu heima einhvern daginn

Hvert er eftirminnilegasta atvikið?

Ég held að ég geti ekki gert upp á milli allra skemmtilegu kvöldstundanna í Hlégarði á fyrsta árinu okkar, á þeim kvöldum gat allt gerst

Hvert fórstu í verknám?

Ég fór að Svertingsstöðum í Eyjafirði

Hvað var eftirminnilegast úr verknáminu?

Það eftirminnilegasta úr verknáminu tengist hænu, en mér er meinilla við hænur og get helst ekki komið nálægt þeim kvikindum. Eitt sinn sem oftast er ég á ferð í gamla fjósinu, þar sem heimgangarnir voru geymdir og var ég að fara að gefa þeim sopann sinn. Um leið og ég kem þar inn sé ég hvar hæna ein situr á gjafagrindinni hjá lömbunum. Ég lauma mér ofur

rólega inní króna og byrja að hella mjólkinni í fötuna, og á meðan ég er að hella heyri ég allt í einu ægilegan vængjabyt og reisi mig aðeins upp, síðan fæ síðan högg á höfuðið. Þá hafði hænran allt í einu fengið þá flugu í höfuðið að fljúga yfir króna og reyna að ná á milligerðina hinumegin. Hænur hækkuðu ekki í álit hjá mér þann daginn

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Vonandi verð ég sauðfjárbóndi í Gröf

Hver er harðasti kúabóndi bekkjarins?

Kristján Valur, en hann er nú samt sauðfjárbóndi inn við beinið

Hver er mesti stórbóndi bekkjarins?

Ég bara verð að segja Jóhannes. Ástæðan er sú að þegar við byrjuðum hér í skólanum og vorum að kynnast, þá talaði hann alltaf eins og hann ætti 1000 kindur, en svo þegar ég spurði hann hvað hann ætti margar þá sagði hann afar stoltur "Ég á 130 kindur"

Ef þú værir nytjaplanta, hvaða planta værir þú?

Ætli ég væri ekki Hvítmári, lágvaxinn og þínu þéttur

Lýstu bestu sveit í þremur orðum

Skaftártunga skær og fögur

Ertu á lausu?

Nei

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Jebb, meðal annars

Hvað eru margar fjaðrir í járnudum hesti?

1,2,3,4,5,6....bara, segjum bara 16!



Jóhannes Guðmundsson

30. apríl 1991 - Fjöllum 2 í Kelduhverfi

Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Langaði að prófa Hvanneyri og ekki myndi það vera verra að læra eitthvað gagnlegt

Hefur námið hér breytt viðhorfi þínu til landbúnaðar?

Nei það held ég ekki. Landbúnaður er framtíðin

Var þetta eins og þú bjóst við?

Skemmtilegra

Hvað tekur við eftir nám?

Vinna og vonandi eitthvað tengt búskap

Hvert fórstu í verknám?

Noregs og Laxárdal við Hrutafjörð

Hvað var eftirminnilegast úr verknáminu?

Frábær upplifun að fara til Noregs og sjá búskaparhætti þar og sé ég alls ekki eftir því. Hinsvegar er það nú eftirminnilegt og ennþá er talað um grjóttínluna í Laxárdal

Gullmoli bekkjarins?

Gunnar Þór á þetta skuldlaust, Silja er nú samt ekki langt á eftir

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Vonandi með töluverðan slatta af kindum í Kelduhverfi

Hver er harðasti sauðfjárbóndi bekkjarins?

Jón Atli þar sem maður tilnefnir ekki sjálfan sig

Hver er mesti stórbóndi bekkjarins?

Okei. Nú segi ég Jóhannes. Maður á alltaf að vera ánægður með sjálfan sig

Lýstu bestu sveit í þremur orðum

Falleg, fjölbreytt, fullkomin

Draumurinn að búa með?

Kindur og kannski nokkra hesta

Ertu á lausu?

Já

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Nei ekkert endilega

Besta barna-teiknimyndin?

Strumparnir alltaf góðir

Hvort er klaufdýr, kind eða kú?

Hvað segiru?.....Uuu....Kú

Bragi Heiðar Árnason

12. maí 1994 - Þorgautsstöðum 2 í Hvítársíðu



Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Ég hef haft áhuga á búskap frá barnsaldri og löngu búinn að ákveða að ganga í þennan skóla

Var þetta eins og þú bjóst við?

Nei mikið meira fræðandi en ég bjóst við

Hvað tekur við eftir nám?

Klára sveinsprófssamning í Vélvirkjun

Lýstu dvölinni á Hvanneyri í þrem til fimm orðum?

Þynnka er bara hugarástand

Hvert fórstu í verknám?

Voss í Noregi og Kirkjulæk í Fljótshlíðinni

Hvað var eftirminnilegast úr verknáminu?

Að fara til Noregs og upplifa sveitarlífið þar

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Stunda búskap með sauðfé, holdanaut og hrossarækt, ef maður verður svo heppinn að eiga konu og börn með þessu

Gullmoli bekkjarins?

Ostur er góður

Hver er harðasti kúabóndi bekkjarins?

Sigurður Kristmundson

Lýstu bestu sveit í þremur orðum:

vá vá vá

Draumurinn að búa með ?

Kindur, holdabeljur og hesta

Hverjar eru þrjár nauðsynlegustu eigur Hvanneyrings?

Lopapeysa, öl og blýantur

Ertu á lausu?

Já

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Hafði augun alveg opin

Besta teiknimyndin?

Lion king

Hvers muntu sakna frá Hvanneyri?

Félagslífsins

Hvort er klaufdýr, kind eða kú?

Ha...? Klaufdýr!

Ullarselið á Hvanneyri

Kristín Gunnarsdóttir, bóndi og talsmaður Ullarselsins



Ullarselinu á Hvanneyri var komið á fót haustið 1992, sem þróunarverkefni, að tilstuðlan Bændaskólans á Hvanneyri, Búnaðarsamtaka Vesturlands og Kvenfélagasambandanna á Vesturlandi. Markmið hópsins er að hafa í hávegum handverk sem er byggt á gömlu handbragði og nýju. Íslensk ull er aðal uppistaðan í því handverki. Annað íslenskt hráefni s.s. hrosshár, horn og bein er líka nýtt til margra hluta í handverkinu.

Hópurinn rekur verslun í Halldórsfjosi með framleiðsluvörur sínar í sambýli við Landbúnaðarsafn Íslands. Til að koma vörum í sölu þurfa félagar að leggja hana inn, en áður en varan fer í sölu fer gæðanefnd yfir hvern hlut og kannar hvort ekki sé öllu vel komið fyrir s.s. gengið frá endum, mynstur séu rétt þrjónuð, samræmi í stærð og varan rétt merkt. Hópurinn kaupir inn valda ull frá góðbændum sem sinna ullinni sinni vel og eru með hreina liti og rýja á réttum tíma. Ullin þarf að vera hrein, laus við mor og allan óþarfa. Við þvolum svo ullina sjálf og vinnum áfram, ýmist kembum við hana sjálf eða fáum kembt í Þingborg. Hópurinn framleiðir líka svokallaðar Borgarfjarðarpeysur sem Védís

Jónsdóttir hönnuður hannaði fyrir hópinn, og þær peysur eru úr léttlopa og hugmyndin er veiðar og hvað er veitt í Borgarfirði. Þær fást hvergi nema í Ullarselinu. Okkur er annt um höfundarrétt og berum virðingu fyrir slíku enda erum við oftast nær sjálf hönnuðir að eigin vöru.

Ullarselið hefur alltaf átt gott samstarf við Landbúnaðarháskólann, en þar hefur lengi verið boðið uppá tóvinnu sem valfag. Það hafa félagar úr hópnum tekið að sér að kenna sem er ákaflega skemmtilegt. Það kostar stundum blóð svita og tár að ná tökum á spuna en þá er líka svo spennandi að sjá hvað úr verður.

Nemendur hafa alla jafna verið um 8 - 10 á ári og margir haldið áfram að spinna. Sumir komast í rokk hjá einhverjum sem þeir þekkja eða kaupa sér slíkan til að geta haldið áfram. Rokkurinn sem stendur í stofunni hjá ömmu er eitthvað sem fólk sér í hillingum og þá er um að gera að semja við ömmu og reyna sig við það verkfæri og sýna kunnáttu sína. Ullarselið hefur líka leigt út rokka ef eftir því hefur verið leitað og tók eru á. Strákarnir eru líka liðtækir í tóvinnunni þó þeir hafi verið í minnihluta. Það er mjög gaman að sjá hversu vel nemendum tekst að vinna úr því bandi sem þeir gera og þrjóna svo flík úr eða vefa mynd, verkefnin eru svo margbreytileg.





Gunnar Freyr Benediktsson

28. febrúar 1990 - Selfossi

Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Hef bara mikinn áhuga á búskap og hef gert það alveg síðan ég var lítill

Hefur námið hér breytt viðhorfi þínu til landbúnaðar?

Já vissulega, en það væri efni í heila ritgerð ef ég færi út í það hér

Hvað tekur við eftir nám?

Byrja nú á því að fara að vinna og svo stefni ég á að taka frjótækninn, svona áður en maður fer að hugsa út í jarðarkaup

Hverjar eru þrjár nauðsynlegustu eigur

Hvanneyrings?

Bjór, lopapeysa og góðir vinir

Hvert fórstu í verknám?

Byrjaði á að fara í einn mánuð til Noregs og fór síðan í Fellshlíð í Eyjafirði

Hver er mesti stórbóndi bekkjarins?

Hahahahaha Jóhannes

Hvað var eftirminnilegast úr verknáminu?

Mikið gaman að vera í Noregi og eftirminnilegast var trúlega þegar ég var að raula út í fjósi og þá stóð bóndinn fyrir aftan mig... smá vandræðalegt á öðrum degi

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Verður maður ekki að halda í vonina og segjast vera kominn með jörð og byrjaður að búa

Draumurinn að búa með ?

Úr bekknum þá? Silja stendur fyrir sínu en ef þú ert að tala um dýr þá væru það kýr

Ertu á lausu?

Jájá

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Maður hafði allavega augun opin

Hvað er Sleipnir með marga fætur?

....Hver?

Silja Rún Stefánsdóttir

14. apríl 1992 - Leifsstöðum í Öxarfirði



Af hverju valdir þú búfræðinámið

Til að eiga möguleika á því að vera fróðari bóndi en Bjarki frændi minn í Tungu, en það komast fáir með tærnar þar sem hann hefur hælana

Hvað tekur við eftir nám?

Óvissan

Hvert er eftirminnilegasta atvikið?

Þegar ég fór í fótbolta með strákunum og skoraði næstum því mark

Lýstu dvölinni á Hvanneyri í þrem til fimm orðum?

Þetta var taumlaus gleði

Hvert fórstu í verknám?

Úthlíð í Skaftártungu

Hvað var eftirminnilegast úr verknáminu?

Það er mjög margt eftirminnilegt frá dvöl minni í Úthlíð! t.d. snúðarnir sem húsmóðirin bakaði reglulega, kvöldmáltíðin þegar upp komst um stóra piparmálið.

Veðrið var líka mjög eftirminnilegt, þvílík blíða!

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Líklega í spegli eins og ég hef alltaf gert

Hver er harðasti sauðfjárbóndi bekkjarins?

Jón Atli og Jóhannes berjast á toppnum. Gummi og Bragi koma svo fast á eftir

Ef þú værir nytjaplanta, hvaða planta værir þú?

Snarrót. Fín ef hún er nýtt rétt

Lýstu bestu sveit í þremur orðum.

Fagur ertu Öxarfjörður

Draumurinn að búa með ?

400 kindur, DeLaval róbot, tvö svín, tvo hunda, 10 hænur, 4 hesta, engan kött og Mc Cormik – annað er bull!

Ertu á lausu?

Ójá

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Nei, en ég hefði kannski átt að gera það

Hvers muntu sakna frá Hvanneyri?

Föstudagsmorgnanna

Hvort er klaufdýr, kind eða kú?

Hvort er klaufdýr!... Kind ...og kú, báðar

Nýir búvörusamningar

Runólfur Sigursveinsson, fagstjóri rekstrar hjá RML



Í lok febrúar á síðasta ári voru undirritaðir fjórir mismunandi samningar milli fulltrúa bænda og ríkisvalds um starfskilyrði landbúnaðarins til næstu 10 ára. Í fyrsta lagi samningur um um starfskilyrði garðyrkjunnar, í öðru lagi samningur um starfskilyrði sauðfjárræktar, í þriðja lagi samningur um starfskilyrði nautgriparæktar og loks í fjórða lagi almennur rammisamningur um tiltekna stuðningsgreiðslur við landbúnaðinn almennt, þar á meðal varðandi ráðgjafapjónustu, stuðning við þróun og nýsköpun, stuðning til að auðvelda nýliðun í landbúnaði og aukinn stuðningur til aðlögunar búskapar að lífrænni ræktun.

Að lokinni undirritun samninga í febrúar 2016 fóru allir samningarnar til kynningar meðal bænda. Að henni lokinni fór fram atkvæðagreiðsla um hvern og einn samning og þeir samþykktir af bændum í viðkomandi búgrein, þó var rammisamningurinn samþykktur á búnaðarþingi sem haldið var í byrjun mars 2016. Hins vegar þurfti einnig að koma



fram ákveðnum breytingum á löggjöf og þá sérstaklega svokölluðum búvörulögum nr. 99/1993 til að samningarnar kæmu til framkvæmda. Alþingi samþykkti þær breytingar síðla árs 2016 en þar var einnig getið sérstaklega um form endurskoðunar á samningunum og skipan ráðgjafahóps. Í kjölfar samþykktu samninganna var unnið í útfærslu einstakra ákvæða þeirra í formi verklagsreglna og reglugerða um tiltekna þætti. Þær reglugerðir komu seint fram til skoðunar og athugasemda, sumar ekki fyrr en í byrjun desember 2016 en tóku síðan gildi frá og með 1. janúar 2017.

Í raun felast í þessum samningum og reglugerðum sem settar hafa verið, mjög miklar breytingar frá því fyrirkomulagi sem áður var í gildi. Það náðist að fá aukið aukið fjármagn í einstaka liði s.s. vegna hertra krafna um aðbúnað búfjár, formi nýliðunarstuðnings var að nokkru breytt, aukið við stuðning til aðlögunar vegna lífrænnar ræktunar, jarðræktarstuðningur

aukinn, bæði hefðbundinn stuðningur vegna ræktunar og eins koma inn smá saman svokallaðar landgreiðslur. Þá var í garðyrkjusamningnum komið inn ákvæðum vegna niðurgreiðslu á raforku til lýsingar sem ekki var áður í samningi.

Í bæði mjólkur- og sauðfjárframleiðslunni voru gerðar miklar breytingar m.t.t. aðilaskipta á greiðslumarki í mjólk og að hluta á framkvæmda aðilaskipta á greiðslumarki í sauðfé. Horfið var frá markaðsfyrirkomulagi varðandi kvótaviðskipti í mjólk, yfir í að ríkisvaldið innleysir það greiðslumark sem viðkomandi bóndi vill selja á hverjum tíma á ákveðnu verði og úthlutar því til baka eftir nánari tilgreindum reglum. Þetta fyrirkomulag mun gilda á árunum 2017 til 2019, þ.e. innlausnarskylda ríkisins. Samkvæmt samningi kúabænda fellur heildargreiðslumark niður frá 1. janúar 2021 nema annað verði ákveðið við endurskoðun samnings 2019. Í sauðfjárræktinni er gert ráð fyrir að greiðslumark geti flust milli lögbýla til lok árs 2020 með svipuðum hætti og verið hefur, í viðskiptum beint milli bænda. Að auki mun ríkisvaldið bjóða upp á að innleysa greiðslumark í sauðfé fram til 31. desember 2020 á núvirtu andvirði tveggja ára beingreiðslna.

Í báðum þessum samningum er í raun gert ráð fyrir að hverfa algjörlega frá stýringu á framleiðslu út frá tilteknu greiðslumarki á hverri jörð. Hins



vegar verða þessi ákvæði og fleiri til endurskoðunar í því ferli sem samningarnir eru nú í eftir umfjöllun Alþingis um málið á liðnu hausti.

Hvort og þá hvernig málin þróast í þessum efnum m.t.t. stýringu á framleiðslumálum einstakra búgreina, er erfitt að sjá fyrir. Hins vegar mega menn ekki gleyma að þessar stuðningsgreiðslur eru einungis einn þáttur í rekstrarforsendum einstakra bóa.

Annar hlutur er hvernig bústjórnin er hjá hverjum og einum sem er í búskap. Mikilvægi hennar er og verður sífellt mikilvægari, ekki síst við síbreytilegt ytra umhverfi. Þar skiptir máli yfirsýn um eigin rekstur, hvar eru sóknarfæri

og hvar er hægt að draga úr kostnaði án þess að það hafi verulega áhrif tekjumegin.

Nýir búvörusamningar krefjast þess af þeim, sem njóta stuðnings, að vera mjög vakandi yfir einstökum þáttum, stuðningsgreiðslur koma í gegnum fleiri þætti en áður og því nauðsynlegt að fylgjast með t.d. einstökum dagsetningum m.t.t. umsóknafresta.

Bústjórn og rekstrarvitund bænda skiptir afgerandi máli og eins hvernig ytri aðstæður horfa við á hverjum tíma, eins og tollamál, markaðs- og sölumál. Stuðningsgreiðslur skipta auðvitað máli – en horfa þarf samhliða á aðra mikilvægari þætti.

Brot úr verknámsdagbók nemanda

Vestur Skaftafellssýsla - 12. Apríl 2016

Unnin verk: morgunverk í fjósinu, undirbúningur fyrir sauðburð, reka kýr í mjaltþjón. Mokaði skít úr skítakjallaranum og fór með hann í flag.

Annað: Gaman að prófa eitthvað nýtt, en ég var á liðléttingnum í dag að moka út úr skítakjallaranum, fékk volga bunu yfir mig og smá kúk líka, keyrði svo skítinum í flag sem verður svo unnið upp síðar í vor.

Annars báru tvær kindur eftir hádegisd.

Silja Rún Stefánsdóttir

Það borgar sig að spá í spilin!
Við erum ráðgjafar á öllum sviðum landbúnaðar
Hafðu samband og við tökum vel á móti þér



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Sími 516 5000 - www.rml.is

Búfjárræktarferðin 2017

Bryndís Karen Pálsdóttir, Gunnar Örn Káráson og Jónas Guðjónsson tóku saman.

Helgina 17-19. febrúar fóru um 70 nemendur Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri í sína árlegu búfjárræktarferð. Þessar ferðir eru afar mikilvægur þáttur í bæði fræðslu og félagslífi nemenda. Þetta árið var haldið á Suðurland og

gist bæði föstudags- og laugardagskvöld í félagsheimilinu Þingborg. Farið var á tveimur rútum og keyrðu þeir Siggí frá Ölvaldsstöðum og Stulli frá Arnarstapa. Skoðuð voru hin ýmsu bú og fyrirtæki á svæðinu og var alls staðar tekið afar vel á móti þessum stóra hóp og berum við kærar þakkar til þeirra sem tóku á móti okkur.



Lagt var af stað stundvíslega klukkan 11:00 frá Hvanneyri föstudaginn 17. febrúar. Þá var haldið suður og fyrsta stopp á Grundartanga í fóðurverksmiðju Líflands. Þar tóku á móti okkur tveir starfsmenn sem kynntu fyrir okkur fyrirtækið og framleiðslu þeirra. Þar að auki fengum við að skoða hluta af framleiðslulínu þeirra á kjarnfóðri.

Eftir góðar móttökur þar héldum við næst í höfuðborgina til Kraftvélamanna. Þeir tóku ekki síður vel á móti okkur og kynntu starfsemina og sýndu okkur splunkunýju og vel bónuðu vélarnar sínar. Eftir stoppið hjá þeim gengu margir út í rútu með stjórnur í augunum og dreymdu um að kaupa nýja Case dráttarvél, New Holland eða Weidemann skotbómulyftara sem hægt var að skoða í sýningarsal þeirra.

Næst var farið austur fyrir fjall og komið á kúabúið Hvamm í Ölfusi. Þar tóku á móti okkur, Pétur Guðmundsson og Charlotte Clausen, í splunkunýju, velheppnuðu viðbyggingu sinni við fjósið sem enn er verið að vinna í. Mjólkað er í mjaltagryfju ennþá að minnsta kosti en það er hugur um að fá mjaltþjón í framtíðinni. Steyptur pallur fyrir ofan kýrnar veitti athygli nemenda því engum datt í hug notagildi hans. Bóndinn útskýrði fyrir okkur að hann stefnir að því að setja upp vatnsdunk sem tæki við því vatni sem rennur í gegnum forkæli mjólkurtanksins og nýta það aftur sem drykkjarvatn fyrir gripina frekar en það renni í niðurfallið. Umtalsvert magn er um að ræða eða um 1000 lítrar úr hverjum mjóltum, með þessu næst betri nýting á vatnsauðlindinni. Haldið var áfram á Selfoss og fyrirtækið Jötunn-Vélar heimsótt þar sem vel var tekið á móti okkur með fulla skóflu af kræsingum og góðri fræðslu um fyrirtækið. Til sýnis var hluti af vöruúrvali þeirra sem gladdi mörg augu. Dagskráin var vel troðin svo ferðinni var haldið áfram og því næst kíkt við í opnu húsi hjá Þóri Jónssyni bónda á Hurðarbaki. Tilefni opna hússins var ný fjósbygging er taka átti í notkun á næstu dögum þar sem Lely á allan hug bóndans.

Því næst var haldið á síðasta bæ dagsins sem var Egilsstaðakot. Þar tók á móti okkur Þorsteinn Logi Einarsson og eiginkona hans. Þau sýndu hópnum nýlegt nautauppeldishús sem byrjað var að nota að hluta. Þá voru fjárhúsin líka skoðuð og vakti mikla gleði sem fyrsta sauðfjárnú ferðarinnar. Kvöldið var svo endað í Þingborg með pizzahlaðborði sem lagðist vel í svangan mannskapinn. Margir höfðu þó ekki enn fengið nóg, drifu sig í sparigallann og lá leið þeirra á skemmtistaði Selfossbæjar.



Dagskrá laugardagsins var ekki af verri endanum og átti að sækja átta staði heim þann daginn. Á leiðinni á fyrsta bæ þurfti að stoppa fyrir einum pörupilti sem skemmti sér betur en margur annar kvöldið áður og fann sér annan næturstað einhvers staðar upp í sveit með góðum móttökum. Þegar allur hópurinn var sameinaður var komið á fyrsta stopp sem var í Áskoti, hestamiðstöð sem hýsir stærstu sundlaug fyrir hesta í Evrópu. Þar sýndi og útskýrði Jakob S. Þórarinsson notagildi laugarinnar. Hún er ætluð til að auðvelda þjálfun hesta og auka fjölbreytileika við þjálfum. Sundlaugin hjálpar sérstaklega hrossum er hlotið hafa áverka eða fengið hófsperru svo dæmi séu nefnd. Það var virkilega skemmtilegt að sjá starfsemina í Áskoti.



Næst lá leiðin að Móeiðarholi. Bóel Anna og Birkir Arnar kynntu okkur fyrir búskaparháttum sínum. Þau eru með risastóra fjósbyggingu, frá árinu 2014, sem rúmar 133 bása af stærri gerðinni og tvo róbóta. Í framtíðinni er möguleiki að byggja við svo húsið taki fjóra róbóta sem var hugsað fyrir framtíðarbændur. Húsið vakti mikla lukku á meðal nemenda og fóru allir brosandi á næsta stað.

Þegar hér var komið við sögu var komið að matmálstíma og þá var tilvalið að stoppa hjá Sláturfélagi Suðurlands á Hvolsvelli. Oddur Árnason, kjötiðnaðarmeistari, leiddi okkur í gegnum sögu sláturfélagsins og þeirri starfsemi sem þeir stunda í dag. Ekki var verra að þeir buðu upp á dýrindis kjötsúpu með meiru. Þegar allir voru orðnir saddir og sælir var haldið áfram enda margir áfangastaðir eftir.

Við færðum okkur því næst inn í Fljótshlíð á bæinn Butru. Þar búa Oddný Steina Valsdóttir og Ágúst Jensson. Þar reka þau myndarlegt sauðfjárbú í tiltölulega nýju steypu fjárhúsi með stálgrindarþaki sem þau byggðu mikið til sjálf. Virkilega flott og björt fjárhús sem og snyrtilegt bú í alla staði.

Leiðin lá næst að Stóru-Mörk og gat mannskapurinn nýtt rútuferðina til að væta í kverkunum. Þegar á hlaðið var komið tóku á móti okkur Eyvindur Ágústsson og Ásgeir Árnason. Þarna mátti sjá tveggja róbóta fjós þar sem gömlu húsin voru nýtt með viðbyggingum. Þá gátu nemendur fengið samanburð við ný fjós og gaf mörgum hugmyndir að breytingum sem margir þurfa að ganga í gegnum um þessar mundir. Langt var liðið á daginn og tími til kominn að sjá hrossabú og því var stoppað á Strandarhöfða. Þetta er ræktunarbú sem hefur áorkað miklu á stuttum tíma og hægt var að sjá fjöldann allan af efnilegum hestum í glæsilegri aðstöðu. Einnig mátti sjá að hliðar áhugamál Auðar Margrétar Möller og Guðmundar Már Stefánssonar var íslenska sauðféð sem kjamsaði á heyrúllu vel á sig komið.

Dagskráin var ekki enn búin svo stefnt var á Vestra-Fíflholt, síðasta bæ dagsins. Þar tók Ágúst Rúnarsson höfðinglega á móti okkur með fjölbreyttu úrvali af kræsingum. Á bænum var skoðað gamalt minkahús sem nú var innréttað og notað fyrir sauðfé. Einnig var stærðarinnar nautaeldi fyrir innan. Þegar haldið var til baka í átt að gistiheimilinu reið stúlka framhjá á hesti sem gaf til kynna að búskapurinn væri mjög fjölbreytilegur á bænum. Áður en farið var í Þingborg var stoppað á

<p>Lambafóstra</p> <ul style="list-style-type: none"> -Annar allt að 20 lömbum -Ekki þarf að handgefa lömbum -Mjólkin er haldið við jafnt hitastig -Lömbin hafa fjálsan aðgang að mjólk -Verð aðeins 39.900kr með vsk 	<p>Handmjaltartæki</p> <ul style="list-style-type: none"> -Fyrir ær og hryssur -Til að safna broddi -Til að létta á bólgu og stálma -Til að mjólka ofan í lömb -Eigum flöskur og varahluti -Einfalt og handhægt -Verð aðeins 34.900kr með vsk
<p>Heatwave fóstra</p> <ul style="list-style-type: none"> -Annar 30 kálfulum eða 50 lömbum -Mjólkin geymist köld -Mjólkin hitnar um leið og sögið er -Einföld og áreiðanleg/vinnusparnaður -Ungviðið hefur fjálsan aðgang -Verð aðeins 119.900kr með vsk 	
	<p>BUREKSTRARDEILD BORGARNESI</p> <p>Eglisholti 1, 310 Borgarnesi, Afgreista, sími 430 5500 Opnið alla virka daga 8-18 www.kb.is, verulun@kb.is</p>

veitingastaðnum Árhús. Þar snæddi liðið ýmist hamburgara eða pasta sem hvarf ofan í mannskapinn. Hins vegar þegar átti að leggja af stað var einn farþegi týndur en var pikkaður upp hjá Olís... hann misskildi aðeins hvar ætti að borða um kvöldið. Þá var komið aftur í Þingborg þar sem fólk var þreytt eftir daginn. En nóttin var ung og fólkið ýmist hélt uppi stuðinu, slakaði á, fór í pottinn eða hélt aftur á skemmtistaði Selfossbæjar á sínum vegum.



Sunnudagur til sælu var mættur enn einu sinni og létt þátttaka var í morgunmat. Fyrsta stopp þann daginn var á Lækjartúni sem bættist óvænt inn í dagskrá ferðarinnar þar sem að Hulda Brynjólfsdóttir og Tyrfingur Sveinsson vissu af ferðum okkar og langaði til að sína okkur aðstöðu sína. Hópurinn var kátur með móttökurnar enda virkilega flott bú til að skoða. Næst var haldin upp skeiðin og stoppað á Fjalli. Þar er stundaður blandaður búskapur. Okkur voru sýnd fjárhúsin og sagt stuttlega frá rekstrinum. Boðið var upp á hressandi veitingar.

Í Landsstólpa buðu Arnar Bjarni, Berglind kona hans og börn þeirra okkur í „brunch“, ásamt því að sýna okkur fyrirtækið og hinar stóru framkvæmdir sem eru á stefnuskránni. Landsstólpi hefur upp á margt að bjóða og nýjasta hjá þeim er burðarboðinn og nýr róbot að gerðinni Merlin. Margir voru áhugasamir og spurðu fjölskylduna spjörnum úr varðandi alla starfsemina í heild. Frá Landsstólpa var brunað á Hrepphóla þar sem Ólafur Stefánsson og kona hans tóku á móti okkur. Nokkrir voru ánægðir með að loksins var Delaval róbot til sýnis, sem var góð tilbreyting. Síðasta kúabú ferðarinnar var Bryðjuholt þar sem Þórunn Andrésdóttir og Samúel U. Eyjólfsson tóku á móti okkur fyrir framan fjósið og sögðu okkur helstu atriði um búskap þeirra. Er inn var komið biðu okkar hollar og góðar veigar úr íslenskri mjólk, ferðalangar spurðu ekki spurningar sínar hér jafnt sem áður.

Síðasta sauðfjárbú og jafnframt síðasta stopp ferðarinnar var að Vatnsleysu. Heimilisfólk tók vel á móti okkur með vel útlátnu kaffihlaðborði. Rúnar Björn Guðmundsson hélt yfir okkur tölu um búskaparhætti á bænum. Fjárhúsin eru límtréshús og veittu nokkrir því athygli að innréttingar eru í stíl við límtréð. Hér fannst mörgum áhugavert að skoða nýlundu í fjárhúsbyggingum, eða vélageymslu-sauðburðaraðstöðu í kjallara húsanna. Haldið var heim að Hvanneyri og komið þar um miðaftann. Ferðalangar voru margir hverjir fegnir heimkomunni, enda uppfullir af fróðleik síðustu þriggja daga og best er að íhuga hann í ró.



Búfjárræktarferðarnefndin skipuð nemendum af öðru ári í búfræði vilja fyrir hönd allra er lögðu land undir fót umræddu helgi, þakka öllum þeim bændum er heimsóttir voru fyrir glæsilegar móttökur og að veita verðandi bændum innsýn í búskap þeirra.

Einnig viljum við þakka þeim mörgum fyrirtækjum er lögðu hönd á plóg og styrktu búfjárræktarferðina 2017:

Kraftvélar, Kaupfélag Borgfirðinga, Ergo, Jötunn vélar, Þörungaverksmiðjan, Landssamband kúabænda, VB-landbúnaður, Límtré-Vírnet, Skeljungur, Kaupfélag Skagfirðinga, Ístex, Vélfang, Kemi, Orkuver, Brimco, Rannsóknarmiðstöð landbúnaðarins, Rörás, Beint frá býli, Ísblikk, Sigur-garðar sf, Samband ungra bænda, KM þjónustan, Íslensk dreifing, Grillhúsið, Hvanneyrarfjósið, Traktorsverk, Leðurverkstæðið Hlöðutúni, Mjólkursamsalan, Kólus, Vífilfell, Brugghús Steðja, Bata- og hlunnindasýningin Reykhólum, Rekstrarvörur, Arnar travel og að sjálfssögðu Hóperðapjónusta Sigurðar I Þorsteinssonar.



Vigfús Ægir Vigfússon

18. febrúar 1989 - Þerjanesi, Austur Eyjafjöllum

Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Hef alltaf haft áhuga á búskap og öllu því sem honum tengist. Ég ólst upp í sveit, á marga vini sem eru úr sveit og systir mín rekur sauðfjárbú á Ströndum ásamt manni sínum. Ég hef verið að veltast um með þá hugmynd um að fara út í búskap í nokkur ár og ákvað að ég yrði einhversstaðar að byrja ef sá draumur ætti að rætast, annars ætti ég ef til vill að sjá ævinlega eftir því að hafa ekki reynt.

Hverjar eru þrjár nauðsynlegustu eigur

Hvanneyrings?

Bíll, bjór og trúverðug fjarvistarsönnun

Hefur námið hér á Hvanneyri breytt þér?

Nei segi það nú kannski ekki en ég mun aldrei sjá eftir þessari ákvörðun, ég eyddi 2 árum í það að læra um það sem ég hef alltaf haft áhuga á, kynntist frábæru fólki sem á vonandi eftir að fylgja mér og minni fjölskyldu að námi loknu. En að sjálfsögðu lærir maður og þroskast á því að prófa eitthvað nýtt og óþekkt, þannig að kannski það hafi breytt manni á þann hátt

Hvað tekur við eftir nám?

Ég flyt aftur með konunni minni og börnum á Selfoss í húsið okkar þar og fer að vinna hjá Landgræðslu Ríkisins, en ég vann þar í 5 ár áður en ég fór í skólann. Svo er bara að hafa augun opin og halda áfram að vinna að því að láta drauminn um að hefja búskap rætast

Lýstu bestu sveit í þremur orðum

Þarf bara eitt orð: Eyjafjöllin

Skemmtilegasti tíminn í skólanum?

Allur þessi tími hefur verið ótrúlega skemmtilegur, en kannski að verknámið og allir verklegu tímarnir standi helst uppúr ásamt sumarnámskeiðunum

Hvert fórstu í verknám?

Refsstöðum í Hálsasveit

Hvað var eftirminnilegast úr verknáminu?

Þessi tími var bara í heild ótrúlega eftirminnilegur og skemmtilegur. Búið er náttúrulega frekar stórt og alltaf nóg að gera. Heyskapurinn, áburðardreifingin og jarðvinnslan var skemmtilegast ásamt fjósinu. Það er samt erfitt að týna eitthvað sérstakt til, verkefni á búinu voru jafn skemmtileg og þau voru fjölbreytt

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Fyrir 2 árum þá lét ég mér ekki detta það í hug að ég ætti nokkur tíman eftir að fara í skóla eða flytja, nokkrum mánuðum seinna var ég fluttur með fjölskylduna á Hvanneyri og byrjaður í skóla. Þar lærði ég að framtíðarplön hafa lítið að segja en draumurinn er að sjálfsögðu að hefja búskap

Gullmoli bekkjarins?

Silja Rún Stefánsdóttir

Ertu á lausu?

Nei

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Nei

Hvort er klaufdýr, kind eða kú?

Klauf?? Kind! Kú!

Brot úr verknámsdagbók nemanda

Voss í Noregi - 12. apríl. 2016

Veður: Svölftið kalt í morgun en sólinn létt svo sjá sig og var mjög gott veður hérna.

Unnið verk: Dagurinn fór í að gefa skepnunum og síðan var farið að dreifa skít alveg á fullu og fór mest allur dagurinn í það. Þurftum reyndar að undirbúa nokkrar kýr sem voru að fara í slátrun, mjólka þær aukalega og taka einstaklingsnúmerin úr þeim og svo var smá bras að koma þeim í bílinn

Annað: Það kom upp smá óhapp hjá mér þegar verið var að dæla skítum í dag. Ég hélt að slangan hefði stíflast og að það væri enginn þrýstingur á slöngunni og Hans væri búinn að stoppa dæluna. Það var nú aldeilis ekki tilfellið og þegar ég losaði slönguna þá kom allt á móti mér á fullum krafti og öll bakhliðinni á traktorinum var í skít og ég rétt náði að hlaupa í skjól.

Gunnar Þór Kristinsson



Reynir Þorbjarnarson

7. ágúst 1993 - Háafelli í Hvítársíðu

Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Áhugi á búskap

Hefur námið hér á Hvanneyri breytt þér?

Ja, hárið er þynnra núna en þegar ég byrjaði

Var þetta eins og þú bjóst við?

Nei, mun betra!

Hvað tekur við eftir nám?

Framtíðin

Hvert fórstu í verknám?

Reykjahlíð á Skeiðum

Hvað var eftirminnilegast/leiðinlegast/skemmtilegast úr verknáminu?

Verknámið var allt saman mjög skemmtilegt en leiðinlegast þótti mér að sitja á rassinum og vinna skólaverkefni. Eftirminnilegast er víðáttubrjálæðið á öllu flatlendinu fyrir sunnan

Hver er harðasti kúabóndi bekkjarins?

Kristján

Ef þú værir nytjaplanta, hvaða planta værir þú?

Ertublóm?

Lýstu bestu sveit í þremur orðum

Heima er best

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Einhverstaðar kvartandi og kveinandi yfir því hvað ég sé orðin gamall

Draumurinn að búa með ?

Kvenmanni

Ertu á lausu?

Já

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Nei

Hvað er eru margar fjaðrir í járnudum hesti?

Það veit ég ekki.



Gunnar Þór Kristinsson

10. október 1990 - Seltjarnarnesi

Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Langaði að auka við þekkingu mína á landbúnaði

Hvert fórstu í verknám?

Noregs og Bryðjuholt í Hrunamannahreppi

Hvað var eftirminnilegast úr verknáminu?

Ég var nýkominn í Bryðjuholt og verknámsbændurnir búnir að spyrja hvað ég vildi fá út úr þessu...sem er vélapakkinn, plægja og svona, því ég taldi mig vera nokkuð góðan í því. Ég átti að keyra með heilfóðurvagn í gegnum fjósið á gamalli New Holland sem var með stífa læsingu og ég hafði ekki keyrt New Holland áður... Þegar ég var búinn og ætlaði út, þá fann ég ekki handfangið og það var ekki séns í helvíti að ég ætlaði að kalla á karlinn og spyrja hann hvernig ég kæmist úr vélinni,...svo ég vippaði mér út um afturgluggann, 1,2 og 3, var snöggur að því! Svo sá ég bara daginn eftir hvar handfangið var – ekkert vez

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Með aðeins minna hár og með búrekstur

Hver er mesti stórbóndi bekkjarins?

Einar af því hann er stærstur

Lýstu bestu sveit í þremur orðum:

Áfram lengra vestur

Draumurinn að búa með ?

Ekki Gumma

Hvað tekur við eftir nám?

Vinna og og óvissan

Ertu á lausu?

Nei

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Nei

Besta íslenska kvikmyndin?

Það er ekki búið að frumsýna hana en hún er um mig

Hver er mesti þverhausinn í bekknum?

.....Má segja fleiri en einn?



Sigurður Kristmundsson

21. október 1993 - Haga í Gnúpverjahreppi

Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Prófa eitthvað nýtt og öðlast meiri þekkingu á landbúnaði

Skemmtilegasti tíminn í skólanum?

Ætli verknámið og báðar búfjarræktarferðinar standi ekki uppúr

Var þetta eins og þú bjóst við?

Ég vissi ekki við hverju var að búast en það hefur ekki valdið mér vonbrigðum

Hvert er eftirminnilegasta atvikið?

Þau eru mörg en engin þeirra mun ég segja frá hér

Lýstu dvölinni á Hvanneyri í þrem til fimm orðum?

Oft breyttist logn í rok

Hvert fórstu í verknám?

Til Hollands og á Hjartarstaði

Hvað var eftirminnilegast úr verknáminu?

Allur tíminn sem ég var í Hollandi var ógleymanlegur og mæli ég með því að fara erlendis helminginn af verknámi sínu

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Í spegli

Gullmoli bekkjarins?

Gunnar Þór

Ef þú værir nytjaplanta, hvaða planta værir þú?

Lúpína, Velkominn í strjábýli en óvelkominn í þéttbýli og er falleg og góð fyrir umhverfið eins og ég

Lýstu bestu sveit í þremur orðum

Það er ekki hægt

Hvað tekur við eftir nám?

Það tekur við fjölbreytt vinna og síðan búskapur

Ertu á lausu?

Nei

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Nei var svo lánsamur að þurfa þess ekki

Hvort er betra á bragðið innflutt eða innlent kjöt?

Ha?...Hvorugt.



Kristján Valur Sigurjónsson

23. júní 1993 - Kotlaugum í Hrunamannahreppi

Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Vildi verða fróðari um búskap og kynnst nýju fólki

Skemmtilegasti tíminn í skólanum?

Búfjarræktarferðirnar

Hefur námið breytt viðhorfi þínu til landbúnaðar?

Það er sama og áður, bara bjart yfir landbúnaði

Hefur námið hér á Hvanneyri breytt þér?

Heldur betur, er fróðari en ég var áður

Hvað tekur við eftir nám?

Vinna

Hvert fórstu í verknám ?

Noregs og Garðshorn í Þelamörk

Hvað var leiðinlegast í verknáminu?

Allt grjótið sem ég fékk að tína í Noregi var engin snilld

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Sem stórbónda

Hver er harðasti sauðfjárþóndi bekkjarins?

Eru þeir til ?

Ef þú værir nytjaplanta, hvaða planta værir þú?

Bullandi vallarfox

Lýstu bestu sveit í þremur orðum

Þarf bara eitt: Hrunamannahreppur

Draumurinn að búa með ?

Kýr, hesta og örfáar kindur

Ertu á lausu?

Nei, náði mér í eina Borgarfjarðarmær

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Nei get ekki sagt það en var svo heppinn að finna draumadísina

Hvers muntu sakna frá Hvanneyri?

Kollubars, en mun þó ekki sakna vindsins

Hvað eru margar fjaðrir í járnuðum hesti?

6 á einni löpp.


Hlunnindi og nýsköpun

Sérstaða í íslenskum sveitum

Arnheiður Hjörleifsdóttir, umhverfisfræðingur, bóndi og stundakennari við Lbhi



Í vetur tókst ég á við þá áskorun að taka að mér kennslu í áfanga við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri sem ber heitið “hlunnindi og nýsköpun”. Það var ótrúlega skemmtileg reynsla og veitti mér aðra og breiðari sýn á t.d. þau hlunnindi sem tengjast bújörðum. Nemendahópurinn minn var auk þess fjölbreyttur, bakgrunnur þeirra ólíkur og áhugasviðið vítt. Það gerði kennsluna, tímana og alla umræðu um viðfangsefnið líflegra. Það er of langt mál að fara í allt það efni sem tengdist umræddum áfanga í þessu greinarkorni, en mig langar að fjalla lítillega um hlunnindi og sérstöðu í tengslum við upplifun og ferðamennsku.



Hugtakið hlunnindi er eins og flestir þekkja afar víðtækt og nær til fjölda þátta. Einnig geta hlunnindi verið breytilega frá einum tíma til annars; það sem er verðmæti í dag, er einskis virði á morgun. Þá getur tíðarandinn einnig haft áhrif á það hvað telst til hlunninda.

Sjálf bý ég á bújörð í Hvalfirði og strangt til tekið er það hlunnindajörð með örliðu æðarvarpi og fjörunytjum. Vægi fjörunytjanna hefur vaxið talsvert hin síðari ár og það er í raun forréttindi að búa við sjóinn og hafa tækifæri á að nýta fjöruna, þessa óþrjótandi uppsprettu ævintýra, allt árið um kring. Um tveggja áratuga skeið höfum við á Bjarteyjarsandi tekið á móti hópum skólabarna og boðið upp á upplifun og fræðslu í tengslum við búskapinn og umhverfið. Lang flestir okkar gestir, allt frá leikskólabörnum og uppúr, heimsækja fjöruna með okkur en tilgangurinn getur verið misjafn. Sumir hafa gaman af því að nota tækifærið og vaða í ísköldum sjónum, aðrir vilja skoða fugla, enn aðrir hafa áhuga á því að tína krækling eða matþörunga á meðan sumir vilja einfaldlega njóta þess að komast í svo nána snertingu við strandsvæði. Það eru nefnilega ekki allir sem eru í daglegri nálægð við haf- og strandsvæði. Margir okkar erlendu gesta, bæði skólabörn og aðrir, telja þetta einstök forréttindi, fólk sem gjarnan býr í landluktum ríkjum og drekkur í sig kraftinn og orkuna sem býr við sjóinn.

Æðarvarp er ákaflega gott dæmi um hlunnindi bújarða, en íslenskur æðardúnn er verðmæt og fágæt náttúruafurð. Íslenski æðarfuglinn er staðfugl og æðarræktin ásamt vinnslu æðardúns, byggir á aldagömlum hefðum sem hafa byggst upp kynslóð fram af kynslóð. Þeir sem hafa komið nálægt æðarvarpi þekkja þessi nánu tengsl sem myndast milli manns og fugls, einstakt samband sem byggir á vináttu, virðingu og trausti. Undanfarin ár höfum við þróað og prófað að taka gesti með okkur í æðarvarpið. Leyfa fólki að taka þátt og upplifa þessa einstöku nánd við náttúruna og æðarfuglinn. Slíkt þarf auðvitað að vanda en það er erfitt að lýsa með orðum hversu dásamlegar stundir geta skapast við þessar aðstæður þar sem allir njóta. Æðarvarpið á Bjarteyjarsandi er alls ekki umfangsmikið en ánægjan við að sinna því er margföld. Fjörulífið er í heild sinni svo líflegt og skemmtilegt þar sem aðrir fuglar, einstaka selir og skrátnar og skrautlegar fjörulífverur setja svip sinn á umhverfið.

Fyrir nokkrum árum fórum við í samstarf við stúlku að nafni Eydís Marý Jónsdóttir, landfræðing og frumkvöðul og hún kortlagði með okkur fjöruna okkar og þær tegundir þara og þörungum sem þar er að finna. Tilgangurinn var margþættur. Við höfðum í fyrsta lagi áhuga á því að þekkja betur þær tegundir sem vaxa í fjörunni og geta greint þær. Árlega bjóðum við einnig upp á fræðslu- og fjölskylduferðir í fjöruna fyrir neðan bæinn okkar og við fengum Eydísi einmitt til að sjá um fræðsluna í einni slíkri ferð. Oft er möguleiki á að tína villtan krækling og í fjörunni höfum við komið upp eldstæði og þaragrilli sem er frábær endir á góðri fjöruferð. Enn einn tilgangurinn með samstarfi við Eydísi var að nýta betur matþörungum í fjörunni í tengslum við matvælavinnslu okkar, beint frá býli. Þari er einstakur í matreiðslu og matargerð og möguleikarnir takmarkast eingöngu við manns eigið ímyndunarafli. Úr þessu samstarfi hefur t.d. þróast sérrettur á matseðli Bjartheyjarsands, þakryddað Botnsheiðarlamb.



Í einni af þeim ferðum sem við höfum farið með gesti í fjöruna, var vinur minn Finnur Torfi Hjörleifsson. Svo skemmtilega vildi til að lífsreynsla hans úr þeirri ferð endaði á prenti í falletgri bók sem hann gaf út og ber heitið: Landið gefur. Þar segir Finnur Torfi m.a.: „Uppúr ellefu leggur fólkið af stað í fjöruna. Það passar til, háfjara er um hálf tólf. Þetta er vænn hópur, eitthvað milli fjörutíu og fimmtíu manns. Það er nú aldeilis veðrið núna til að fara á fjöru, heiðríkja og stilla. Nokkuð kalt í nótt og í morgun, skændi á pollum, en nú hlýnar af sól. Hvalfjörður verður vart fegurri. Fjallahnjúkarnir hafa mjallahvítar húfur, eins og segir í alþekktu stöku. Þetta er einn af þessum dögum sem er svo skær og hrfandi að maður gleymir því að það hafi nokkurn tíma komið óveður á Íslandi”.

Hlunnindi á bújörðum einskorðast að sjálfsögðu ekki við æðarvarp og fjörnytjar, og eins og minnst var á í upphafi, þá geta hlunnindi einnig verið breytileg í tíma. Önnur hefðbundin hlunnindi eru grasnytjar, veiði, rekaviður, jarðhiti og aðrar landsnytjar sem geta t.d. nýst í tengslum við ferðaþjónustu. Sérstæða bújarða getur einnig verið mikil, óháð hefðbundnum hlunnindum, og skapað margvísleg tækifæri. Má þar nefna staðsetningu, sögu, örnefni, náttúrufræðing, fólkið og mannlífið, dýralíf, sérþekkingu á ákveðnu sviði og svona mætti áfram telja.



Umræddur nemendahópur minn, sem brátt mun útskrifast frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, er öflugur og hugmyndríkur og tilbúinn til að nýta sér þau tækifæri sem leynast í íslenskum sveitum. Þau tóku fyrir margvísleg verkefni og útfærðu með mismunandi nákvæmni þó. En meðal þess sem þau sáu tækifæri í, er æðarrækt og meiri verðmætasköpun í tengslum við æðardún, íslenska ullin, veiðihlunnindi og sérhæfð ferðamennska í tengslum við það, veitingarekstur sem byggir á sérstöðu hráefnis og landslags, jurtasöfnun og jurtalitun, smávirkjanir, landbúnaðartengd ferðaþjónusta, og fjörunytjar. Það má því með sanni segja að þrátt fyrir að hefðbundin hlunnindi hafi tekið breytingum í gegnum tíðina og skipti, þegar á heildina er litið, minna máli í rekstri bújarða nú en fyrr, þá sér unga fólkið tækifæri í þróun og nýsköpun tengdri hlunnindum og nýsköpun til sveita.

Bændablaðið



Hjördís Ólafsdóttir

14. október 1994 - Saurbæ, Holtum í Rangárbíngi ytra

Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Þetta var eiginlega bara skyndiákvörðun, ég hef alltaf haft áhuga á dýrum og hugsaði bara "hví ekki bara að sækja um og sjá hvort þetta er nám fyrir mig", sem það hefur svo sannalega verið

Hefur námið breytt viðhorfi þínu til landbúnaðar?

Já, maður gerir sér núna meira grein fyrir rekstrarhlíðinni í landbúnaði og veit að þetta snýst ekki bara um að henda heytuggu í skepnurnar. Einnig er maður farin að taka meira eftir málefnum í fjölmiðlum tengdum landbúnaði og í sannleika sagt hef ég áhyggjur af landbúnaði á Íslandi til framtíðar

Hvað tekur við eftir nám?

Það er aldrei að vita hvað maður gerir, ætli maður reyni helst ekki að finna jörð og verða bóndadurgur einhverstaðar eða kannski einhvað áframhaldandi nám ef áhugi vaknar fyrir því. Það er aldrei að vita hvað framtíðin ber í skauti sér

Hverjar eru þrjár nauðsynlegustu eigur

Hvanneyrings?

Vasahnifur, góður skóbúnaður og sterkur magi fyrir tyllidaga á barnum

Lýstu bestu sveit í þremur orðum

Flatlend, snjólétt og nágrannakær

Hvert fórstu í verknám?

Hraun á Skaga í Skagafirði

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Trúlega 10 – 15 árum eldri, og vonandi hefur einhvað vaxið vitið á þeim árum

Hver er harðasti kúabóndi bekkjarins?

Maður hefur nú lent í hörðum rökræðum við Sigurð, svo ég held hann sé rétti kandídatinn

Ef þú værir nytjaplanta, hvaða planta værir þú?

Ætli ég væri ekki Túnvingull, lítil en harðgerð

Hvert er eftirminnilegasta atvikið?

Þegar Þráinn var að derra sig uppá þakinu á Kollubar og rann af þakinu og rétt lenti í eina skaflinum á staðnum

Ertu á lausu?

Já heldur betur, single as a pringle

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Get ekki sagt að það hefði verið í upprunalega planinu þegar ég skráði mig í námið en plön breytast og lífið heldur áfram

Hvers muntu sakna frá Hvanneyri?

Ég mun helst sakna þess að hitta ekki alla bekkjarfélagana eftir að skólanum lýkur. Það er alltaf svo mikið fjör í bekknum og ég held það verður bara hreinlega skrítið að hitta ekki þessa blessuðu vitleysinga daglega

Geta hænur flogið?

Þær svífa.

- Brot úr verknámsdagbók nemanda -

Vestur Húnavatnssýsla - 28. apríl 2016

Veður: Sól, léttskýjað, 2 m/sek, hiti kringum 6 gráður.

Unnin verk: Morgunmjaltir og morgungjöf, mjólkurmæling og sýnataka, undirbúa kjúklingahúsið og taka á móti kjúklinga ungum, kvöldmjaltir og kvöldgjöf, kíkja á kindurnar.

Annað: Byrjuðum á morgunmjóltum og morgungjöfinni eins og alla daga, það voru mjólkurmælingar og sýnataka í dag. Síðan fór ég og aðstoðaði foreldra Guðrúnar að græja kjúklingahúsið, setja sag yfir allt gólfið, tengja vatns- og matardalla. Húsið er 30 gráður heitt og þegar allt er klárt og ungarnir mæta þarf að keyra þá út í enda, byggja varnarvegg með kössunum sem þeir koma í þvert yfir húsið svo þeir komist ekki lengra síðan er fyrsta hollinu sleppt hinu megin við vegginn og við tókum svo kassana og hlaupum að næsta kassavarnar vegg. Þetta er gert svo það séu minni líkur á að við stígum á fuglana því þetta eru 13.500 fuglar og þeir hlaupa beint í átt að þér þegar þú sleppir þeim. Síðan var kvöld fjós og gjöf. Og auðvitað kíkt á kindurnar hvort einhver sé að bera.

Fanney Lind Hauksdóttir



Alexandra Rut Jónsdóttir

14. júlí 1996 - Skerðingsstöðum í Þölvum

Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á búskap og landbúnaði, en það var ekkert endilega stefnan að fara í landbúnaðarháskólann, en eftir töluverðar rökræður við sjálfan mig og aðra ákvað ég bara að láta slag stand og skella mér í búfræði. Þessari ákvörðun sé ég sko alls ekki eftir, þetta hefur aukið skilning minn á landbúnaði til muna og svo skemmir það alls ekki fyrir hvað félagskapurinn hérna er góður

Hefur námið hér á Hvanneyri breytt þér?

Já ég hef áttað mig á því að gras er ekki bara gras

Hvað tekur við eftir nám?

Ég stefni að því að fara í búvísindi nú í haust

Hvert fórstu í verknám?

Ég fór í Keldudal í Skagafirði

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Sem búskussa eins og pabba !

Hver er mesti stórbóndi bekkjarins?

Alla veganna ekki sá sem á þúsund kindur við Öxarfjörð og í Kelduhverfi

Lýstu bestu sveit í þremur orðum

Skeggjadalurinn! Þarf ekki fleiri orð!

Draumurinn að búa með ?

Fyrst og fremst góðan mann, síðan er mér alveg sama um restina, get alveg hugsað mér að búa með bæði kúr og kindur

Ertu á lausu?

Jább

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Eins og pabbi hefur margoft farið yfir með mér þá er ég ekkert með það skráð í dagbókina hvaða dag ég ætla mér að finna maka. En samt, bara ekki segja pabba að eina ástæðan fyrir því að ég er að fara í búvísindi er sú að ég er enn á lausu.... haha

Hvers muntu sakna frá Hvanneyri?

Held ég eigi eftir að sakna þess hvað mest að geta ekki hitt þetta dásamlega fólk sem er með mér í bekk á hverjum degi

Hvort er hófdýr, hreindýr eða svín?

....Hrein.....neei, Hvorugt!

Gunnar Örn Káráson

22. desember 1989 - Kópavogi



Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Það hefur verið draumurinn síðan ég man eftir mér. Ég ólst ekki upp í sveit en lífið í kringum sveitina hefur heillað síðan ég man eftir

Hvað tekur við eftir nám?

Meira nám, stefni á nám í búvísindum í haust, hef engann veginn fengið nóg af Hvanneyri

Hvert er eftirminnilegasta atvikið?

Það var magnað hvað margir fundu eigur sínar einhverstaðar á hvolfi eða vel falda í prófatíð eða alla þá skemmtilega statusa er skrifaðir voru

Hverjar eru þrjár nauðsynlegustu eigur Hvanneyrings?

Lopapeysa, stór ísskápur og Excel

Hvert fórstu í verknám?

Fór á Engihlíð í Vopnafirði

Hvað var eftirminnilegast úr verknáminu?

Þegar verknámsbóndinn minn sagði mér að ég ætti að plægja einn

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Annað hvort byrjaður að búa eða starfandi í landbúnaði

Hver er harðasti Sauðfjársbóndi bekkjarins?

Jón Atli með John Deere-inn sinn

Ef þú værir nytjaplanta, hvaða planta værir þú?

Rabarbari, rauðleitur, breiður og súrsætur

Skemmtilegasti tíminn í skólanum?

Allavega ekki fyrsti tími á föstudögum

Draumurinn að búa með ?

Sauðfé, mögulega nautgripum og einhverjum myndarlegum

Ertu á lausu?

Já svo er víst

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Get nú ekki sagt að það hafi verið markmiðið

Hvers muntu sakna frá Hvanneyri?

Bekkarins

Hvort er hófdýr, hreindýr eða svín?

Hreindýr....NEI, hehehe!

Mikilvægi jaðardreifingar

Haukur Þórðarson og Jóhannes Kristjánsson
starfs- og endurmenntunardeild LbHÍ



Á Íslandi lætur nærri að öllum tilbúnum áburði sé dreift með þyrildreifurum. Til að ná góðum árangri við dreifingu þarf að vanda mjög til verka og nýta búnað dreifarans rétt. Með tilkomu GPS til aðstoðar við að halda réttu bili á milli ferða er stigið stórt skref í rétta átt en fleira þarf að koma til svo árangur verði verulega góður.

Almennt er notast við opna skurði við framræslu sem leiðir til þess að spildur verða fremur smáar og því stór hluti þeirra jaðar. Við hefðbundna áburðardreifingu með þyrildreifara dreifist áburðurinn nokkurn veginn eins og lágrestur píramídi; mest beint fyrir aftan dreifarann og minnkar út til hliðanna. Ef þessi aðferð er notuð alla leið út á kant fer mjög lítil áburður út á jaðar spildunnar sem leiðir af sér uppskerutap og mikinn breytileika í fóðri innan sömu spildunnar.

Jaðardreifingu má skipta í tvo flokka, annarsvegar að jaðri (to border) og hinsvegar frá jaðri (from border). Ef notuð er að jaðri aðferðin er ekið með hálfu bili á milli ferða frá jaðri spildunnar, þá dreifist fullt magn út á jaðarinn og ekkert fer ofaní skurð ef rétt er að málum staðið. Frá jaðri aðferðin byggir á því að ekið sé tiltölulega nálægt skurðbakkanum og áburðinum er kastað inn á spilduna frá kantinum. Þessi aðferð er til muna seinlegri en að jaðri aðferðin.


Hvernig búnaðurinn er síðan útfærður en nokkuð breytilegt eftir dreifarategundum og margir dreifarar bjóða upp á bæði að jaðri og frá jaðri möguleikann.

Nokkrar útfærslur:


- Spjöld sem taka við áburðinum frá dreifiuggunum og beina honum á réttan stað er algengur búnaður.
- Skífurnar látnar snúast í öfuga átt og kasta með bakhlið ugganna.
- Hallatjakkur sem hallar dreifarann niður í áttina að jaðri spildunnar.
- Lokað fyrir rennsli niður á aðra skífuna, vinnur oft saman með einhvers konar spjaldi

Mat á óbeinum kostnaði við að nota ekki jaðardreifingarbúnað á Hvanneyri

Vinnslubreidd (bil á milli ferða) við áburðardreifingu á að vera einhverstaðar á bilinu 10 – 15m. Með vaxandi vinnslubreidd minnka dreifigæðin (Sima, Nozdrovicky & Koloman, K.,2011). Hversu sem dreifarinn er fullkominn og góður er ekki hægt að mæla með meira bili á milli ferða en 15m. Sé ekki notaður jaðardreifingar búnaður og ætlunin er að láta áburð ekki fara ofaní skurð þá er jaðarsvæðið þetta á bilinu 5 – 10m þ.e. það svæði sem fær ekki fullan áburðarskammt. Að meðaltali ætti jaðarsvæðið að fá helminginn af fullum áburðarskammti við þessar aðstæður. Sé áætlað að bera 100 kg N á ha þá fær jaðarsvæðið að meðaltali einungis 50 kg N/ha.




Dreifst út að skurði (jaðri) án þess að jaðardreifingarbúnaður sé notaður.



Dreifst út að skurði (jaðri) með jaðardreifingarbúnaði.

Í nýlegri tilraun á vegum LBHÍ þar sem borið var saman þvagefni sem niturgjafi við hefðbundinn CAN áburð var unnið með þessa áburðarskammta þ.e. 50 kg N/ha og 100 kgN/ha. Uppskerumunurinn í fyrsta slætti var frá 380 kg þe/ha uppí 2369 kg þe/ha, að meðaltali 1158 kg þe/ha (Guðni Þorvaldsson, Þóroddur Sveinsson, Þórdís Kristjánsdóttir og Jónatan Hermannsson, 2017). Ljóst er að heilmikið uppskerutap verður á jaðarsvæðum ef að fullur áburðarskammtur er ekki borinn á.



(Guðni Þorvaldsson o.fl., 2017)

Óbeinn kostnaður er stærð sem er nauðsynlegt að átta sig á í landbúnaði. Óbeinn kostnaður er kostnaður sem ekki er beint hægt að lesa út úr bókhaldinu heldur dreifist jafnvel milli þess að vera ástæða hærrí gjalda og valdur að framleiðslu og tekjutapi. Af þessum sökum er erfitt fyrir bændur að átta sig á hversu mikill þessi kostnaður er enda kemur hann hvergi fram í tölum. Ein tegund óbeins kostnaðar er kostnaður vegna minni uppskeru. Ýmis atriði í búskapnum geta verið að valda minni uppskeru og þá má t.d. nefna misheppnaða áburðardreifingu.

Til að átta sig á óbeinum kostnaði við að nota ekki jaðardreifingarbúnað við áburðardreifingu þá þarf að meta áætlað uppskerutap af völdum þess og verðmeta það. Samkvæmt útreikningum á heyöflunarkostnað Hvanneyrarbúsins er framleiðslukostnaður gæðaheys á búinu um 32 kr/kg þurrefnis. Þar sem mikið er um skurði á Hvanneyri eru stykkinn lítil og jaðarsvæðið stórt. Sé miðað við að jaðarsvæðið sé fyrstu 6m frá kanti, eru heildar jaðarsvæði á Hvanneyri 24 ha af 87 ha af ræktuðu landi.

Væri ekki borið á þetta svæði með jaðardreifingarbúnaði gæti uppskeran verið, sé miðað við 1158 kg þe/ha minni uppskeru á jaðarsvæðunum, 27.292 kg þe minni en ef borið væri á svæðið með jaðardreifingarbúnaði. Verðmæti þeirrar uppskeru miðað við 32 kr/kg þe. er um 889 þús kr.

Sé til samanburðar skoðaður kostnaðurinn við það að kaupa vel útbúinn áburðardreifara upp á 2 milljónir kr og ætla honum 10 ára endingu. Þá er árlegur kostnaður við hann um 278.000 kr þegar búið er að taka tillit til eigna-, vaxta-, viðhalds- og geymslukostnaðar. Jafnvel þó að það sé reiknað með minnsta uppskerumun á ha samkvæmt fyrrgreindri tilraun, 380 kg, þá myndi uppskeruaukinn borga árlegan kostnað við að eiga slíkan dreifara.

Heimildaskrá

Guðni Þorvaldsson, Þóroddur Sveinsson, Þórdís Kristjánsdóttir og Jónatan Hermannsson (2017). *Tilraunir með þvagefni (urea) sem nituráburð*. Rit LbhÍ nr. 75.

Sima, T., Nozdrovicky, L. & Koloman, K. (2011). *Analysis of the Work Quality of the Vicon Rs-L Fertilizer Spreader with Regard to Application Attributes*. Poljoprivredna Tehnika, 11(2).





Bryndís Karen Pálsdóttir

17. október 1993 - Fossi í Rangárvallasýslu

Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Ég er alin upp í sveit og langaði að læra meira um búgreinina. Ég kom fyrst í búvísindanámið en hætti við eftir fyrsta árið og skipti yfir í búfræði því mig langaði í meira verklegt. Þess má geta að ég sé sko ekki eftir því

Hvað tekur við eftir nám?

Fyrst ætla ég að taka þátt í sauðburði, svo flytja í Skaftártungu og vinna á Klaustri í sumar...svo langar okkur Jóni Atla að taka við búinu heima hjá honum

Hvert er eftirminnilegasta atvikið?

Þau eru svo mörg en til að segja frá einu þá var partý í Hlégarði eins og svo oft. Við krakkarnir vorum með diskóljósinn á fullu og Du Hast með Rammstein var í spilun frekar hátt og það fyrir miðnætti. Mætir þá Rektorinn á svæðið til að tala um fyrir okkur. Það sló á vandræðaleg þögn á hópinn, en um leið og hann fór hélt gleðin taumlaus áfram

Hverjar eru þrjár nauðsynlegustu eigur

Hvanneyrings?

Skítagalli, bjór og gúmmítúttur

Hvert fórstu í verknám?

Ég fór til Halland í Svíþjóð á kúabú með Delaval mjaltþjóni og svo í Klauf í Eyjafirði sem er kúabú með mjaltagryfju

Hvað var eftirminnilegast/leiðinlegast/skemmtilegast úr verknáminu?

Í Svíþjóð átti konan á bænum gamla, risahænu sem var löngu hætt að verpa en elti mann út um allt. Hér heima þá var mjög eftirminnilegt þegar ég var að valsa

korn með Leifi (vinnumaður í Klauf og fyrrum eigandi) sem er hræddur við mýs. Þegar langt var komið að valsa einn poka fór að tínast niður drasl, plastbútar og hey, sem mér datt strax í hug að væri úr músahreiddri. Fljótlega datt svo ein dauð mús niður og Leifur skýst upp í háloftin vegna hræðslunnar og var í smá stund að jafna sig. Mér þótti mjög gaman að sjá fullorðinn mann með margra ára reynslu úr búskap vera svona hræddan við litla mús

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Vonandi búsetta í Gröf með Jóni Atla með eins margar kindur og jörðin þolir auk nokkra hesta, svín, hunda, geitur og börn

Hver er harðasti kúabóndi bekkjarins?

Það var Friðrik en annars get ég ekki gert upp á milli Gunna Ben, Kristjáns og Sigga

Ef þú værir nytjaplanta, hvaða planta værir þú?

Rýgresi því ég er svo orkumikil :)

Ertu á lausu?

Ónei

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Í rauninni ekki en það var ekkert verra ef það myndi gerast ... sem það gerði

Hvers muntu sakna frá Hvanneyri?

Bekkarins, þessi félagsskapur sem hefur myndast hjá okkur er ómetanlegur

Hvað þörf mörg egg í eina hænu?

**tíhíhíhí* Æj, ég veit það ekki! ...Eitt bara ?*



Fjölskyldufyrirtæki

— Sidan 1985 —



Atferli og velferð búfjár

Kristín Þórhallsdóttir, dýralæknir



Nýr áfangi um atferli og velferð búfjár

Núna á vorönn var settur á laggirnar nýr áfangi til kennslu fyrir nemendur síðara árs í búfræðinni. Áfanginn skyldi fjalla um atferli búfjár og var ég fengin til þess að sjá um umsjón og kennslu þessa áfanga. Ég ákvað því að nýta það tækifæri til að flétta inn í áfangann meiri fræðslu um velferðarlöggjöf búfjár. Sambærilegur áfangi hefur verið kenndur við Búvísindadeild skólans. Eftir að nýju velferðarreglugerðirnar tóku gildi, fyrir nokkrum árum, hefur mér einnig þótt vanta meiri fræðslu til bænda um innihald þeirra.


Í mínu dýralæknanámi í Danmörku fór ég í gegnum m.a. áfanga um líffærafræði og lífeðlisfræði dýranna, matvælaöryggi, lyfjafræði, um hina ýmsu sjúkdóma, örveru-, veiru- og sníkjudýrafræði, eftirlit í sláturhúsum og atferli og velferð dýra. Í lokinn á náminu var kenndur áfangi um danska velferðarlöggjöf dýra. Eftir að hafa byggt upp þekkingu í undangengnum áföngum í náminu var skilningur á innihaldi, ástæðum og rökstuðningi slíkra löggjafar fyrir hendi. Nemendur í búfræði fá einnig góðan grunn í sínu námi og því upplagt að byggja á þeirri þekkingu og kynna fyrir þeim íslensku velferðarreglugerðunum.

Gæta að velferð búfjár

Innihald reglugerðanna er ekki tilfallandi ákvarðanir. Við gerð þeirra hefur verið lögð gríðarmikil vinna og m.a. verið stuðst við rannsóknir á atferli og velferð dýra, almenna og nýja þekkingu um þarfir búfjár, vitneskju um matvælaöryggi, reglugerðir nágrennalanda okkar, en að lokum aðlagð íslenskum aðstæðum þar sem við á. Markmiðið með reglugerðunum er fyrst og fremst að gæta að velferð búfjár og matvælaöryggis til neytenda.

Þegar atferli búfjár er rannsakað er það gjarnan gert við náttúrulegar aðstæður þeirra. Þó svo að búfjárhald hafi verið við líði í mörg þúsund ár og stundaðar hafi verið kynbætur og ræktun, þá er þróunarsaga þessara dýra mun lengri, þar með þróun atferlis þeirra. Þegar búfé er haldið á húsi þá eru ekki alltaf möguleikar fyrir hendi að það geti sýnt sitt náttúrulega atferli. Sem dæmi má nefna að náttúrulegt atferli svína er að róta í jarðvegi

eða í plöntuefni. Þó sá eiginleiki sé ekki ræktaður fram í dag að þá er þetta tiltekna atferli ennþá til staðar. Til þess að tryggja það að svínin fái þessum þörfum uppfyllt er ákvæði í velferðarreglugerð svína um að tryggja eigi öllum svínum aðgengi að nægilegum hálm eða öðru efni sem gerir þeim kleift að róta eða krafsa í. Annað dæmi er þegar kýr eru úti á beit þá er þeirra náttúrulega atferli, og tengist líffærafræðilegri byggingu gripanna, að hafa annan framfótinn fyrir framan hinn til þess að geta hallað sér betur niður að framan og auðvelda sér þannig að ná í grasið. Í fjósum eru aðstæður til þessa yfirleitt ekki fyrir hendi. Kýrnar þurfa því að standa með framfæturna samsíða og eiga erfiðara með að halla sér niður að framan. Til þess að auðvelda fyrir gripunum er ákvæði í velferðarreglugerð nautgripa að átsvæði eigi að vera hærra en gólfíð sem gripirnir standa á.



Dýr upplifa streitu

Dýr eru skyni gæddar verur, þ.e. þau hafa skynfæri sem skynja t.d. umhverfið og taugakerfi sem flytja boð til heilans. Þau finna til ef þau eru sjúk eða meidd, þau upplifa hungur og þorsta, ef þeim þörfum er ekki uppfyllt, og þau upplifa stress/streitu. Rannsóknir hafa til að mynda sýnt að dýr sem ekki fá nægilegt tækifæri til að sýna sitt náttúrulega atferli upplifa streitu. Langvarandi streita getur haft margs konar afleiðingar: gripnum líður ekki vel; hann getur farið að sýna það sem við myndum kalla óeðlilegt eða óæskilegt atferli; ónæmiskerfi gripsins getur hnignað og verður þannig útsettari fyrir sjúkdómum; framleiðslugeta hans getur minnkað, eins og t.d. vöxtur og mjólkurmyndun. Eins og áður var sagt að þá vinna velferðarreglugerðirnar að því að gæta að velferð dýranna, sem ætti vonandi líka að vera hágr þess sem heldur búfé.

Sýklalyfjaónæmi mikið í umræðunni

Með velferðarreglugerðunum á einnig að gæta að matvælaöryggi til neytenda. Gerð er krafa um að hreinlæti og smitvarnir séu í lagi. Reglugerðirnar ná utan um eftirlit með lyfjanotkun í búfé, eins og notkun sýklalyfja, og gætt að því að neytandinn fái aldrei lyfjamengaðar afurðir. Út frá því má nefna að ekki á að fódra kálfa með lyfjaspilltri mjólk (mjólk úr kúm sem eru á sýklalyfjakúr eða útskolun eftir sýklalyfjakúr). Rannsóknir hafa sýnt að líkur á sýklalyfjaónæmi aukast þegar kálfum er gefin slík mjólk.

Sýklalyfjaónæmi hefur mikið verið í umræðunni. Sýklalyf eru notuð til þess að drepa bakteríur sem valda ýmis konar sjúkdómum og sýkingum. Það sem gerist við sýklalyfjaónæmi er að bakteríur breyta sér þannig að þær verða ónæmar fyrir sýklalyfjum, sem vanalega hafa virkað gegn þeim, og drepast því ekki. Sumar bakteríur flokkast undir súnur. Súnur eru þær bakteríur (getur einnig átt við sníkjudýr, veirur, sveppi og príon/prótein) sem smitast náttúrulega á milli dýra og manna. Sem dæmi má nefna bakteríur á borð við Salmonella, Campylobacter,

Escherichia Coli, Staphylococcus aureus, Clostridium botulinum og Listeria monocytogenes. Eins flokkast veiran sem veldur fuglaflensu og príonið sem veldur kúariðu sem súnur. Ef bakteríur sem jafnframt eru súnur ná að mynda ónæmi við sýklalyfjum þá geta þær haft áhrif á bæði dýr og menn. Hvort sem að dýr eða manneskja verður fyrir smiti af völdum sýklalyfjaónæmrar bakteríu þá leiðir það oftast til lengri meðhöndlunar, hærri kostnaðar við meðhöndlun og hærri dánartíðni. Dreifing ónæmra baktería er því raunveruleg ógn við allan heiminn. Aukning á þessu vandamáli, þ.e. að bakteríur verði ónæmar fyrir sýklalyfjum, gerist þegar sýklalyf eru ekki notuð á réttan hátt. Dæmi um ranga notkun er þegar sýklalyfið er ekki notað við rétt tilefni eða sýklalyfjakúr ekki kláraður. Eins ef sýklalyf eru notuð í of miklu magni, t.d. í föðri búfjár, sem tíðkast víða erlendis. Til þess að sporna við þessu vandamáli er mikilvægt að reyna eftir fremsta megni að fyrirbyggja frekar smit og sýkingar, gæta hreinlætis, nota þær bólusetningar/bóluefni sem í boði eru, nota ekki útrunnin sýklalyf og nota sýklalyf rétt eða eins og lækni/dýralæknir mælist fyrir um.

Með fagmönnum skal fjós byggja



Hönnun

Í árána rás hefur safnast upp níkil þekking og reynsla í hönnun á nýjum fjósum og breytingum á eldri byggingum.

Við vinnum náið með viðurkemdu verkfræðistofum hér á landi og með því samstarfi getum við boðið uppá viðtæka verkfræðipjónustu og hönnun:

“Frá hugmyndað fjósi”

Innréttingar og tækjabúnaður í fjós

- Milligerðir
- Átgrindur
- Milligrindur
- Stólpar og festingar
- Vatnsdallar og vatnstrog
- Gjafakerfi
- Fóðurmixarar
- Flórsköfupjarkar
- Haughræur og dælur
- Flórsköfukerfi, glussasköfur, reipsköfur, keðjusköfur
- Kálfafóstrur og kjarnfóðurbásar
- Náttúruleg loftræsting



Sterkir í stálgrindarhúsum

Á undanföllum árum hefur Landstólpi set yfir 100 stálgrindarhús af öllum stærðum og gerðum sem reist hafa verið um allt land. Við höfum sérhæfðan og öflugan tækjakost og afbrigðis starfsfólk með mikla reynslu. Stálgrindarhúsin eru framleidd í Hollandi af H.Hardeman sem er rötgróið fjölskyldufyrirtæki. H.Hardeman hannar og framleiðir stálgrindina og allar klæðningar og eykur það mjög öryggi okkar viðskiptavna að hafa framleiðsluna á einni hendi.



Þekking og reynsla!

Í mörg ár hefur Landstólpi ehf. verið leiðandi fyrirtæki í hönnun á nýjum fjósum og breytingum á eldri byggingum.

Á þessum árum höfum við fylgst vel með þróun fjóshönnunar í Evrópu með því að heimsækja á hverju ári bændur og fyrirtæki. Þessa þekkingu og reynslu til margra áranýtum við sem best til hagsbóta fyrir íslenska bændur með vinnusparnað, velferð gripa og aukna framlegð að leiðarljósi.

Fjós eru okkar fag



Gunnbjarnarholti
301 Selfoss
180 5600
landstolpi.is

Einar Sveinn Friðriksson

11. október 1991 - Valbjófsstað 2 í Fljótsdal



Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Hefur verið áhugi á því býsna lengi, og fullkomið tækifæri til að byggja grunninn að því að taka við búinu heima, sem og er þetta miklu betra en að rotna í álverinu á Reyðarfirði

Hvað tekur við eftir nám?

Ég fer að vinna á landbúnaðarverkstæði Kraftbíla á Akureyri í allavega 1-2 ár og síðan er stefnan á að taka við búinu heima í Fljótsdal

Hvert er eftirminnilegasta atvikið?

Ætli það sé ekki þegar tveir gormæltir menn reyna að segja fóarn

Hvert fórstu í verknám?

Hamar á Hegranesi í Skagafirði

Hvað var eftirminnilegast úr verknáminu?

Þegar húsfreyjan var búin að tala mikið um að grilla eina blíðskapsveðurvíkuna og valdi daginn þar sem eini hríðarbylurinn mætti í Skagafjörð það vorið :)

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Vonandi ekki ennþá feitan og farinn að búa með minni konu og stjúpssyni (plús allavega einn krakka í viðbót)

Gullmoli bekkjarins?

Friðrik Júlíus Björgvinsson

Hver er harðasti kúabóndi bekkjarins?

Gunnþór Bergsson

Skemmtilegasti tíminn í skólanum?

Búsmíði járn og vélar og tæki áfangarnir

Ef þú værir nytjaplanta, hvaða planta værir þú?

.....næpa

Ertu á lausu?


Rammharðföstu

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Upprunalega já, endaði á að finna mína á Akureyri algjörlega ótengt skólanum

Hvort er klaufdýr, kind eða kú?

Hmmm... Kindur?



Eypór Bragi Bragason

26. október 1995 - Bustarfelli í Vopnafirði

Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Ég ætla að verða bóndi og taka við sauðfjárbúi, maður vill gera vel og vera góður í sínu fagi. Það er ekki endilega best að gera hlutina eins og þeirra hafa alltaf verið gerðir, það má bæta allt

Hefur námið hér á Hvanneyri breytt þér?

Heldur betur, hér á vel við málshátturinn „heimskt er heimaalið barn“. Maður fattar það eftir námið hérna, að í raun var þekkingin á landbúnaði ósköp lítil áður en maður kom, maður hélt bara að maður vissi eitthvað

Hvað tekur við eftir nám?

Fyrst að vinna í sveitinni áður en ég fer í eitt stykki heimsreisni í byrjun næsta árs og svo fer ég að huga að því að taka við búskapnum heima

Hvert fórstu í verknám?

Litla - Ármót

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Í fullum búskap, vonandi búinn að fjölga fé og stækka búið

Gullmoli bekkjarins?

„Hey Edda! hefur nokkuð einhver ælt á gólfið hjá þér í tíma?“ - Frikki

„Veistu hver ég er!!? ég á 1000 kindur í Öxarfirði!, og Kelduhverfi!“ - Jóhannes

Hver er harðasti sauðfjárbóndi bekkjarins?

Verð að hafa Jón Atla hérna

Ef þú værir nytjaplanta, hvaða planta værir þú?

Snarrót, ég er svo heimakær og þrjúskur

Draumurinn að búa með ?

Stórt, flott sauðfjárbú og nokkra hesta

Ertu á lausu?

Neibb

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Það var jú hluti af þessu

Besta íslenska kvikmyndin?

Stella í orlofi... er det partur af programet?

Hvort er betra á bragðið innflutt eða innlent kjöt?

Uuuu, Innflutt eða innflutt? ... Hvorugt!



Sigríður Linda Hyström

14. febrúar 1994 - Ártúnum á Rangárvöllum

Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Áhuginn á búskap, var einnig búin að heyra mjög jákvæða og skemmtilega hluti um Hvanneyri. Langaði að gera eitthvað nýtt og annað en það vanalega, kynnast fólki með svipuð áhugamál og detta reglulega í það

Var þetta eins og þú bjóst við?

Miklu betra og skemmtilegra en ég bjóst við

Hvert fórstu í verknám?

Egg, Skagafirði og fór einnig til Noregs

Hvað var eftirminnilegast úr verknáminu?

Eftirminnilegast á báðum stöðunum var að þurfa að tína upp grjót úr flögnum, en það þekkest ekki á mínum heimaslóðum

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Vonandi einhvers staðar í friðsælli sveit, ríðandi á hesti mínum í úthögnum að líta til með skepnunum.

Skemmtilegasti tíminn í skólanum?

Líffæra- og lífeðlisfræði

Hvað tekur við eftir nám?

Jaa, hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér?

Hver er harðasti kúabóndi bekkjarins?

Sauðfjárbóndinn á Leifsstöðum Silja Rún, lofar DeLaval róbótinn öllum stundum

Ertu á lausu?

Já

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Ekki endilega, finnur maður ekki það sem að maður leitar að þegar að maður hættir að leita?

Hvers muntu sakna frá Hvanneyri?


Að mæta þunn í skólann...

Hvort er klaufdýr, kind eða kú?

Hvort er klaufdýr, kind eða kú!!! Kind!!!

Gunnþór Bergsson

24. nóvember 1993 - Vestri Pétursey í Mýrdal



Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Vegna þess að ég hafði mjög mikinn áhuga á að læra meira um landbúnað og vera betur undirbúinn til að taka við búinu heima hjá mér

Hefur námið hér á Hvanneyri breytt þér?

Já það má segja það að eftir að ég fór á Hvanneyri fékk ég mikið meiri áhuga á landbúnaði heldur en ég hafði þegar ég sótti um

Hvað tekur við eftir nám?

Ég ætla að klára námssamninginn minn í stálsmíði og taka sveinsprófið. Síðan stefni ég á það að fara inn í búskapinn með foreldrum mínum

Hvert fórstu í verknám?

Ég fór á Seljavelli í Nesjum, Hornafirði

Hvað var eftirminnilegast úr verknáminu?

Það sem er eftirminnilegast úr verknáminu er hversu hlýlegar móttökur maður fékk og hvað fjölskyldan var góð. Einnig er það mjög eftirminnilegt og skemmtilegt hvað bóndinn var duglegur að segja mér frá hentugum hlutum varðandi fjósbyggingar

Lýstu dvölinni á Hvanneyri í þrem til fimm orðum?

Skemmtileg, áhugaverð, fræðandi og fjörug fimmtudagskvöld

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Eftir 10 – 15 ár sé ég mig sem bónda í Vestri Pétursey og verð vonandi búinn að byggja nýtt lausagöngufjós með mjaltþjón

Lýstu bestu sveit í þremur orðum

Fögur, græn og fallegar kýr úti á túni

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Nei, ég var kominn með konu áður en ég byrjaði

Hvers muntu sakna frá Hvanneyri?

Ég mun sakna allra vinanna sem maður er búinn að eignast þarna og umgangast og skemmta sér með á hverjum degi síðustu tvo vetur

Hvort er betra á bragðið innflutt eða innlent kjöt?

...uuu, vá hvað ætlaði ég að segja... væntanlega innfl...nei hérna, hver var aftur spurningin?...innlent.

Hann Magnús Óskarsson

Þjarni Guðmundsson, fyrrverandi prófessor við Lbhl



Magnús Óskarsson kennari og tilraunastjóri á Hvanneyri verðskuldar heila bók; tímarits-greinarkorn um hann verður því aðeins lauslegt kropp úr langri og merkilegri sögu. Ég man hann fyrst sem fótboltadómara austur á Hvanneyrartúni í snjóhraglanda veturinn 1962; hávaxinn, rauðbirkinn, mikinn á skriðum og strangan dómara. Hann lét okkur ekki komast upp með klækjabrögð. Mig minnir að hann hafi þá verið nýkominn úr all löngu námsleyfi erlendis. Undir vorið kenndi hann okkur samt í nokkra tíma vinnufræði og leiðbeindi okkur búfræðingsefnunum um rétta líkamsbeitingu við vinnu og fleira. Liður í þeirri kennslu var m.a. að efna til Íslandsmóts í mjólkurbrúsalyftingu en 50 lítra mjólkurbrúsar voru þá daglegt og skaðlegt viðfangsefni margra bænda. Vondleik reykinga sýndi hann okkur fram á með því að láta tvo hópa, reykingamenn og reyklausa, hlaupa upp á efsta loft skólahússins og niður aftur, telja síðan púls hjá hvorum hópi að hlaupunum loknum.

Magnús Óskarsson var tengdur Hvanneyraskóla í hartnær hálföld; fyrst sem nemandi Bænda- og Framhaldsdeilda en síðan og að framhaldsnámi loknu sem starfsmaður. Margvíslegum störfum hans við skólann má skipta í þrennt og mundi hver hluti duga langt til sem ævistarf meðalmanns: kennarinn, fræðimaðurinn og svo allt hitt.

Kennslugreinar Magnúsar voru einkum efnafræði og ýmsar greinar jarðræktar. Hann var ákaflega áhugasamur og hugkvæmur kennari og ófáar sögur lifa um brögð hans og kennsluhætti. Margir búfræðingar hafa það enn þann dag í dag til dæmis á hreinu hvernig vatnssameindin lítur út eftir að Magnús lét þá sem nemendur leika hana. Námsefnið var matreitt í skömmtum og framborið við hæfi þeirra er við skyldu taka, en hæfið skynjaði Magnús flestum betur. Um langt árabíl var Magnús tilraunastjóri Bændaskólans og stóð þá fyrir umfangsmikilli og fjölbreyttri tilrauna- og rannsóknastarfsemi við skólann. Mörg verkefnanna tóku mið af verkum sem landbúnaðurinn glímdi við en með skírskotun til erlendra þekkingar. Magnús gerði sér far

um að fylgjast vel með á sínum fagsviði, var iðinn við að afla sér endurmenntunar og að sækja ráðstefnur erlendis og hann nýtti sér fagrit betur en flestir aðrir. Athygli vakti til dæmis hvernig Magnús og starfsbróðir hans, Þorsteinn Þorsteinsson lífefnafræðingur frá Húsafelli, réðust til atlögu við beinaveiki í kúm sem var útbreitt vandamál hérlandis um 1960. Með einföldum en markvissum eigin tilraunum og mælingum á næringu jarðvegs og heyi í bland við erlenda nýþekkingu tókst þeim að finna ráð til úrbóta. Við leitina lögðu þeir einnig mikið upp úr faglegri heildarsýn og samvinnu við glögga nágrannabændur er við vandann glímdi.



Með rannsóknum varpaði Magnús ljósi á sérstæðan þátt fosfors í ræktun mýrlendis. Hóf síðar tilraunir með útiræktun matjurta og lagði rannsóknum á berjarækt öflugt lið, ræktun sem nú nýtur vinsælda. Í kennslu sinni nýtti Magnús svo reynslu sína og niðurstöður út tilrauna- og rannsóknastarfsemi er við það varð lifandi, hagnýt og traust. Fyrstu starfsár Magnúsar voru ár mikilla framkvæmda í landbúnaði: Bændur brutu ný lönd til túna er stækkuðu

ört, aðfanganotkun óx einnig bæði hvað snerti áburð og kjarnfóður og búin stækkuðu á alla kanta. Vert er að nefna að snemma setti að Magnúsi ugg um að ekki væri allt með felldu hvað snerti meðferð jarðar og matvælaframleiðslu heimsins – að hættumerki sæjust í fjarska. Tímamótabók Rachel Carson, Silent Spring (Raddir vorsins þagna), varð honum strax umhugsunar – og samræðuefni, áburðarskortur heimsins og fleira. Í glaumi daganna vöktu orð Magnúsar lengi vel litla athygli, urðu jafnvel tilefni spaugs og flimtinga. Kunnugir sáu þó að uggur hans var engin uppgerð. Ég læt nægja að slá því föstu að Magnús var meðal þeirra allra fyrstu í sínum geira til þess að vekja athygli á umhverfismálum og því sem nú mundi falla undir málaflokkinn sjálfbær þróun.

Kemur þá að þeim kafla sem snúnastur er; öllu hinu í fari Magnúsar. Eitt er að hafa völd og annað að hafa áhrif. Mér er kunnugt um það að Magnús hefði ekki þurft annað en skrifa nafn sitt undir viðeigandi bréf til þess að verða skólastjóri á Hvanneyri þegar sú staða losnaði í fjórða sinn á síðustu öld. Ég efast hins vegar um að það hafi hvarflað að honum. Hógværðin varð nefnilega stundum að galla í fari hans. Yfirmenn Hvanneyrarskóla á starfstíma Magnúsar áttu honum hins vegar mikið að þakka. Löngum mátti segja að hann væri samviska stofnunarinnar: Magnús var afskaplega næmur á anda starfsumhverfisins og eftir því ráðhollur, svei mér ef hann var ekki forvitri líkt og Njáll á Bergþórshvoli, og því dugðu ráð hans betur en flestra annarra. Og þess vegna urðu til þeir tímar í starfi

Hvanneyrarskóla þegar Magnús Óskarsson var límið, þótt fáir tækju eftir því.

Völd og áhrif, já. Miklu meira mætti um þau skrifa. Ætli ég láti samt ekki nægja að minnst samræðna Magnúsar við okkur nemendur Framhaldsdeildar við hádegis- eða kvöldverðarborðið í gömlu borðstofunni á Hvanneyri og áhrifa þeirra. Nú eða menningarkvöldin í íbúð hans fyrir okkur nemendur þar sem hann spilaði Wagner, Bach eða Beethoven á stereófon sinn og sagði okkur að loka augunum á meðan, en fór sjálfur fram til þess að hita kaffið þegar nútímakonan hún Hanna Frímansdóttir (þá rannsóknamaður við skólann), laumaði Dave Brubeck, Oscar Peterson eða annarri jazz-músík á fóninn. Ellegar þegar lífskúntnerinn Jóhannes Eiríksson nautgriparráðgjafi, skólabróðir og félagi Magnúsar frá Landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn, kom í heimsókn að Hvanneyri og hóf að segja af þeim sögur. Þá varð óvinnandi á næstu kontórum fyrir háværum hvelglymjandi hlátrasköllum Magnúsar; stundum varð satt að segja svo langt á milli loftsgönganna að við hlustendurnir handan veggjar í Verkfærahúsinu héldum að Magnús væri dauður -- Úr hlátri.

Svo var þó hreint ekki, sem betur fór ... Og á hásumri þessa árs mun Magnús Óskarsson fagna níutíu ára afmæli sínu. Við samgledjumst honum og þökkum fræðandi, hvetjandi og skemmtandi handleiðslu hans og samfylgd.

Vika í lífi kúabónda í verknámi

Eyjafjarðarsýsla

Mánudagur: Mér lýst bara ansi vel á veruna hérna, verknámsbændurnir eru bæði mjög vinaleg. Einnig ótrúlegt en satt er ég nokkuð spenntur að vinna með rollum. Ekki segja nokkrum að ég hafi sagt þetta :)

Þriðjudagur: Kindurnar halda áfram að koma á óvart, það var bara nokkuð gaman að fylgjast með sauðburði

Miðvikudagur: Vorum að marka og setja út eins og við gátum, Náði í mitt fyrsta lamb í dag.

Fimmtudagur: Gaf í fjárhúsunum í dag. Svona sauðburður er bara miklu meiri vinna en ég hafði gert mér grein fyrir

Kristján Valur Sigurjónsson



Brot úr verknámsdagbók nemanda

Skagafjarðarsýsla - 2. maí 2016

Veðrið: Ágætt veður í morgun og var um fimm stiga hiti í hádeginu, en fór að kólna þegar leið á daginn og kom leiðinda rok og rigning þegar leið á kvöldið.

Unnin verk: Mjólkað bæði mál, gefið nautgripum sem ekki eru á heilfóðri, gefið kindum og geitum, jarðvinnsla, sauðburður.

Annað: Bóndinn var búinn að plægja eitt stykki sem er einhverir rúmlega tveir og hálfur hektari, svo nú var komið að því að tæta stykkið. Ég fór á gömlum Massa í það verkefni sem ég var mjög fegin þar sem girakerfið er mjög einfalt á þeim og er eins og á vélunum sem ég er von að keyra. Síðan var bara keyrt í endalaus hringi þar til búið var að tæta allt stykkið. Ég var síðan hálfnuð að tæta stykki tvö þegar það brotnaði hjá mér bolti í tætaranum og urðum við að gera pásu á tætingum. Sauðburður er vel á veg komin eru hátt í 30 kindur bornar. Þetta er nú frekar rólegt svona miðað við það sem ég er von. Annars er alltaf verið að reyna að klára þessi verkefni sem á að skila.

Alexandra Rut Jónsdóttir

limtrevirnet.is



Landbúnaður og hestasport

hesthús, reiðhallir, fjárhús, fjós og fleiri gerðir landbúnaðarbygginga

vönduð hús - stuttur afgreiðslufrestur

 **Limtrevirnet**

Aðalnúmer: 412 5300 | Söluheild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur
Netfang - sala@limtrevirnet.is

Við skulum alla leið norður!

Saga frá eldri búfræðingi um dvölinna á Hvanneyri fyrir 30 árum

Margt hefur verið brallað af nemendum Bændaskólans á Hvanneyri í gegnum tíðina. Fyrir þrjátíu og einu ári síðan í lok janúar tóku nokkrir nemendur sig til og lögðu land undir fót. Ferðinni var heitið norður í Eyjafjörð. Ástæða ferðarinnar var löng helgi og prófatörn viku síðar. Þótti mönnum tilvalið að sletta aðeins úr klaufunum áður en prófalestir hæfist. Farið var af stað snemma morguns á föstudegi, veðrið var víst ekki það besta en það aftraði ekki för fyrr en á Holtavörðuheidi og öllum fjallvegum á leiðinni. Það er farið að fenna í minninguna um ferðina en þetta voru sennilega fjórir bílar í ferðinni, bæði jeppar og fólksbílar.

Á Vatnsskarði jukust vandræðin en komumst yfir með herkjum og einn fólksbíllinn fékk tog. Eitthvað var af vindi og léttir hlutir fengu óvart að verða eftir þegar þeir fuku út úr bílunum. Um kvöldmatarleytið var komið í Varmahlíð og var notalegt að komast inn í sjoppuna og kaupa kaffi, kakó og heitt meðlæti. Á öllum stoppum ferðarinnar var starfsfólk mjög hissa á þessu ferðalagi, en ekkert stoppar tilvonandi búfræðinga þegar skemmtun er annars vegar.

Hópurinn komst fljótlega að því að heimamenn höfð talsvert meiri þekkingu á staðhátum. Þegar komð var niður í Öxnardalinn sástu tvær rútur sem biðu mokstursbíla. Ef þessar rútur hefðu ekki verið strandaglópar í Öxnadalnum hefði hópurinn sennilega ekki komist alla leið að sjálfdáðum. Áfangastað var náð um miðnætti og allir mættir á Sjallann hálf tíma síðar. Kvöldið eftir var farið aftur á ball og gist heima hjá einum úr hópnum. Það vildi til að nokkrir úr hópnum voru búsettir á svæðinu eða höfðu verið í verknámi í Eyjafirðinum.

Þegar átti að halda heim á leið þá var allt orðið kolólfært og hópurinn veðurtepptur fyrir norðan. Tíminn var notaður til að skoða verknámsbú og óðöl samnemanda. Heimferðin bauð upp á svo mikla hálfu að það þurfti að setja keðjur á framhjóladrifna Peugeotinn sem var með í ferðinni og keðjurnar hituðu svo mikið á keyrslunni að þær bráðnuðu inn í bæði framdekkinn svo djúp för komu í dekkinn. Þegar þær voru loks teknar undan var það heljarinnar puð að ná þeim af. Hópurinn komst ekki aftur á Hvanneyri fyrr en daginn fyrir fyrsta próf, viku eftir að farið var af stað. Skólayfirvöld voru ekki þar hrifin af þessari svaðilför okkar, því til stóð að fresta prófunum vegna þess að svo marga nemendur vantaði.

Elfar Reynisson



LANDSSAMBAND KÚABÆNDA

*Við óskum Búfræðingum 2017
tíl hamingju með áfangann:*

*Keldudalur, Mýrarnaut,
Starfsfólk Landbúnaðarháskólans,
Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum*

Sturluð staðreynd

Í ár útskrifast hundraðasti Sigurður
en fyrsti Alex og Gunnþór og
fyrsta Silja sem búfræðingar frá
Landbúnaðarháskólanum



Bústólpi

FÓÐUR OG ÁBURÐUR

PREMIUM PRO-FIT

Kúafóður sem hámarkar fitu,
prótein og afurðamagn samtímis

Inniheldur ríkulegt magn af hágæða fiskimjöli

PREMIUM PRO-FIT 13 & 17

inniheldur MEGAFAT kalsíumhúðaða fitu (aðallega C:16)

- MEGAFAT stuðlar að aukinni fitu í mjólk
- MEGAFAT er mjög orkuríkt og dregur úr hættu á súrdoða og lömun
- MEGAFAT stuðlar að aukinni frjósemi

www.bustolpi.is

**PREMIUM
PRO-FIT**
er mest selda
kúafóður
Bústólpa

Að vera verknámsbóndi

Guðrún Eik Skúladóttir, bóndi á Tannstaðabakka í Hrótafirði

Þann 1. janúar 2014 hófum við maðurinn minn, Óskar Már Jónsson, búskap á Tannstaðabakka í Hrótafirði. Þar er ég fædd og uppalin, en Óskar er frá Stóru-Ökrum II í Skagafirði. Vorið áður höfðum við útskrifast frá Hvanneyri, Óskar úr búfræði og ég úr búvísindum. Verandi nýútskrifuð frá Hvanneyri höfðum við strax áhuga á því að fá til okkar verknefna. Í apríl 2015 mætti sá fyrsti á svæðið og nú er þriðji verkneminn okkar nýkominn.

Margir sem við töluðum við áður en við tókum þá ákvörðun að gerast verknámsbændur sögðust ekki vilja taka verknefna, vegna þess að það væri svo mikil vinna. Að mörgu leiti er það rétt, því það er mikil vinna að kenna nýjum einstakling á vélar og tæki, mjaltir og annað verklag á bænum. Það er samt mjög hollt og heldur manni dálítið á tánum, því þegar þú útskýrir hvernig hlutirnir eru gerðir verður að fylgja með hvers vegna þeir eru gerðir nákvæmlega svona.

Oft koma upp hugmyndir og umræður um hvort og þá hvernig væri hægt að gera hlutina öðruvísi, til að spara tíma eða kostnað. Ég vil því meina að það séu ekki aðeins við sem kennum verknemunum, heldur kenna þeir okkur helling líka.

Verknemarnir vinna hjá okkur alls konar verkefni sem snúa að flestum hliðum búskaparins. Þeir þurfa gögn til að vinna eftir, bæði bókhaldsgögn og gögn úr skýrsluhaldinu. Þessi verkefnavinna gefur bændunum tíma og ástæðu til að rýna betur í gögnin sem þeir veita verknemunum aðgang að, og horfa á þau gagnrýnum augum.



Oft er maður með þessar tölur svona nokkurn veginn réttar í höfðinu, en verkefnavinnan gefur manni færi á að kafa dýpra í gögnin, en það er eitthvað sem maður er kannski ekki nógu duglegur við að gefa sér tíma í.

Þegar þetta er skrifað höfum við fengið til okkar þrjá verknefna. Þær eru hver annarri ólíkari, þrátt fyrir að eiga það sameiginlegt að vera frekar reynslulitlar og kvenkyns. Ein þeirra spurði mig hvort við hefðum ekki orðið fyrir vonbrigðum með það að fá stelpu, í staðinn fyrir að fá vanan stráka. Ég var nú aldeilis ekki á því. Hlutverk verknámsbónda er að kenna og verknemar fara í verknám til þess að læra. Kyn eða reynsla verknefna skiptir því í rauninni engu máli þegar uppi er staðið. Það sem skiptir máli er að viðkomandi hafi áhuga, vilji læra og sé með opinn huga.

Annar kostur við það að fá til sín verknefna sem eru ekki hoknir af reynslu, er að maður getur kennt þeim svo mikið. Það er frábært að sjá framfarirnar hjá þeim og hvernig þeir blómstra við aukna ábyrgð. Að sjá sjálfstraustið aukast dag frá degi, þegar vel gengur að setja á kýrnar, eða bakka að með skítadreifarann. Fyrsti verkneminn okkar hafði aldrei mjólkað þegar hún kom til okkar. Þegar hún fór þurftum við að setja okkur inn í mjaltirnar aftur, því hún tók þær alveg yfir á sína ábyrgð.

Að vera verknámsbóndi getur verið krefjandi, en það er í senn skemmtilegt og gefandi og getum við hiklaust mælt með því fyrir áhugasama bændur.




LÍFLAND

Guðmundur Aron Sigurðsson

25. ágúst 1994 - Þjarnastöðum í Hvítársíðu



Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Hef áhuga á bústörfum og svo er það vitað mál að þetta eru skemmtilegustu 2 ár félagslega séð sem þú kemst í

Hefur námið breytt viðhorfi þínu til landbúnaðar?

Ekki breytt því kannski mikið heldur frekar þróað það, maður er orðinn rifrildisfær um ýmis hitamál hvað varðar landbúnað

Hvað tekur við eftir nám?

Ég stefni á að klára samning í vélvirkjun/járnsmíði og svo geri ég ábyggilega eitthvað sniðugt eftir það

Hvert er eftirminnilegasta atvikið?

Sennilega innherjagrínið: "Ostur er góður". Þessi þrjú orð voru notuð af ákveðnum Hvítsíðungi þegar að hann ákvað að fara að tala við kvenfólk. Eftirminnilegasta atvikið er sennilega samt þegar að við komum heim af barnum og fórum inn í ákveðna íbúð þar sem húsráðendur voru ekki heima og þöktum gjörsamlega alla íbúðina í klósettappír (þroskað grín ég veit). Svo eru það margar fylleris sögurnar sem kannski eiga ekki erindi hér inn

Hverjar eru þrjár nauðsynlegustu eigur

Hvanneyrings?

Gott skap, bjór og hæfilegt magn kæruleysis

Ef þú værir nytjaplanta, hvaða planta værir þú?

Njóli, illa liðinn allstaðar og sleginn en kem samt alltaf aftur

Hvert fórstu í verknám?

Ég fór að Gýgjarhólskoti í Bláskógabyggð

Hvað var skemmtilegast úr verknáminu?

Það var mikil vélavinna í mínu tilviki og hafði ég rosalega gaman af henni. Þarna fór ég líka í mínar fyrstu mjaltir og var ég vitagagnslaus í því að ég tel, allavega til að byrja með.

Mér tókst líka að krækja í girðingu á dráttavél einn daginn og rífa hana niður þannig að girða þurfti nýja. Ég vil meina að ég hafi gert greiða því girðingin sem kom á eftir var mikið betri ;)

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Ég er ekki viss um að ég verði orðinn bóndi, ég væri til í að búa í sveit og ef rétta tækifærið kemur þá væri gaman að búa með kindur ég vil þó ekki fara út í það nema aðstæður séu réttar

Hver er harðasti kúabóndi bekkjarins?

Kristján Valur Sigurjónsson, vígalegur tuddi

Draumurinn að búa með ?

Kindur, hunda og nokkur hross. Nema spurningin snúist um að búa með kvenmanni eða karlmanni þá vel ég heldur kvenmanninn

Ertu á lausu?

Sennilega leiðinlegasta spurningin hér en já ég er á lausu

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Nei.

Hvort er klaufdýr, kind eða kú?

....Klaufdýr, nei what....hvað sagðiru? Hahahahaha

Brot úr verknámsdagbók nemanda

Skagafjarðarsýsla - 3. júní. 2016

Veður: Þykk þoka og úði á köflum en algjört logn (ótrúlegt en satt), hitastig í kringum 8-10 gráður.

Unnin verk: Brynnti ánum, gaf báðar gjafir, þreif vatnsdalla og athugaði með slefveiki og gaf ab-mjólk við því.

Annað: Ég var svo stressuð í dag, þar sem ég keyrði á Deuts-inum með áburðapoka framan á ámoksturstækjunum alla leiðina á Malland. Ég fór nokkuð hægt um og hugsaði að ég væri að keyra með 600 kg af gulli, enda er áburður bara ekkert annað heldur en gull. Það gerðist samt nokkuð skondið á leiðinni, ég þurfti að víkja fyrir 4 bílum (óvenju mikil umferð) og í eitt skiptið mætti ég svona lítilli rútu. Bílstjórinn virtist hin slakasti þar til við náðum augnsambandi, hann varð alveg steinhissa virtist mér og hreinlega bara missti andlitið, og það fyrsta sem ég hugsaði var „er hann svona óvanur að sjá „kellingu“ keyra á dráttarvél“. Ég skemmti mér allavega konunglega alla leiðina á Malland yfir þessu.

Hjördís Ólafsdóttir

Að vera verknámsbóndi

Guðrún Lárusdóttir og Þórarinn Leifsson búa á bænum Keldudal í Skagafirði og reka þar blandað bú með nautgripum, sauðfé, hross, geitum o.fl. Þau hafa verið með erlenda verknema síðan árið 2001 en voru þau fyrsta íslenska verknemann frá Landbúnaðarskóla Íslands.



1. Hvernig er ykkar upplifun á verknáminu ?

Góð, það er alltaf gaman að kynna nýju fólk.

2. Hvers vegna ákváðu þið að vilja taka á mótí verknámsnemum?

Þegar við vorum að vinna á Hólum þá var Tóti verknámskennari. Þegar við hættum þar og snérum okkur alfarið að búskapnum þá ætlaðist það þannig að við tókum verknema sem sóttu um verknám á Íslandi í gegnum Hólaskóla. Síðan hafa erlendu verknemarnir „fundið“ okkur. Langflestir okkar verknemar hafa verið finnskir (20), en hér hafa líka verið svíi, frakki og þjóðverji. Í fyrra sendi Ólöf Ósk okkur svo verknema frá Hvanneyri og það verður líka Hvanneyringur hjá okkur í ár. Í vor og sumar koma svo einn franskur verknemi og einn finnskur.

3. Er munur á því að taka á mótí erlendum verknema og íslenskum nemum?

Það er óneitanlega þægilegra og hafa íslenskan verknema og þurfa ekki alltaf að blaðra á ensku. Íslensku nemarnir kunna líka meira og eru kannski frekar að kynna sér önnur vinnubrögð en heima hjá sér. Þessir erlendu þurfa oft að læra allt frá grunni og það er meiri vinna fyrir okkur.

4. Myndu þið vilja hafa verknámið eitthvað öðruvísi?

Verknámið mætti vera fjölbreyttara fyrir krakkana

5. Ef svo er hvernig ?

Fyrir krakkana væri örugglegar lærdómsríkara að skipta verknáminu upp og fara á fleiri en einn bæ, en fyrir verknámsbændurna væri það bara vesen.

6. Finnst ykkur verknámið vera á réttum stað á námsferlinum?

Já

7. Er verknámið nógu langt eða of langt?

Hæfilega langt

8. Eru þið að upplifa það svipað að fá verknema og þegar þið voruð í verknámi?

Þegar við vorum í verknámi var verknámið miklu lengra og fleiri verkefni og ritgerðir. Sem betur fer hefur það breyst. Ég (Gunnar) fór aldrei heim allt sumarið. Það eina sem ég fór var eina helgi á Landsmót hestamanna á Hellu (1986). Tóti var í verknámi hérna í Skagafirði en fór samt sjaldan heim.

9. Finnst ykkur námið vera svipað og þegar þið voruð í því?

Það hefur örugglega þróast til betri vegar, núna er t.d. hægt að vinna flest verkefni í tölvum. En ætli stóra breytingin sé ekki að þegar við vorum í Bændaskóla (Gunnar á Hvanneyri og Tóti á Hólum) þá var áfengisneysla brottrekstarsök.





Harpa Björk Eiríksdóttir

30. apríl 1982 - Stað í Reykhólahreppi

Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Langþráður draumur að fara í búfræði og vegna breyttra aðstæðna í lífinu dreif ég mig loksins og sé sko ekki eftir því

Hefur námið hér á Hvanneyri breytt þér?

Já, hefur gefið mér mikla þekkingu og reynslu. Orðin ullaróð myndu sumir segja

Hvað tekur við eftir nám?

Búskapur á Gríshóli í Helgafellssveit ásamt annarri vinnu og stefnan tekin á Búvísindi í fjarnámi í haust. Verð þessi eilífðarstúdent held ég bara.

Hvert er eftirminnilegasta atvikið?

Þau eru svo mörg, nærri því hver dagur með þessum bekk gefur sögur. Held hreinlega að í hvert sinn sem Gunnar Þór hefur gleymt í hvaða hópi hann er í verkefni og réttir upp höndina til að spyrja kennarann: "Afsakið, manstu nokkuð hvert þú settir Gunnar Þór". Held samt að ég muni seint gleyma þegar ég vann Morgunblaðsskeifuna á Skeifudaginn, eitthvað sem ég hélt að ég ætti engan möguleika á því að vinna. Aldrei að segja aldrei

Hverjar eru þrjár nauðsynlegustu eigur Hvanneyrings?

Góða vekjaralukku (sérstaklega á föstudögum), góðan vindjakka (fræðilegur að lognið sé aðeins að flýta sér á eyrinni) og fiaskó (spilakvöld þar sem leikhæfileikar fá að skína)

Hvert fórstu í verknám?

Dalsmynni í Eyja- og Miklaholtshreppi og Landbúnaðarskóla í Svíþjóð

Hvað var skemmtilegast úr verknáminu?

Þegar ég var send með fulltaminn hund út að æfa mig og forystusauðurinn harðneitaði og flaug yfir girðinguna og beið bara. Hann valdi hvaða hundar myndu fá að æfa sig á honum

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Þar sem lífið tekur mig. Vonandi ennþá að vinna með ull á fullu og búa með hestunum mínum, kindunum og hundunum mínum (sem verða líklega í fleirtölu þá) :)

Hver er harðasti Sauðfjárs bóndi bekkjarins?

Jóns (Jón Atli og Bryndís)

Ef þú værir nytjaplanta, hvaða planta værir þú?

Axhnoðapuntur. Mun taka við mér á næstu árum, þoli vel að hafa þurrka og ekki góð í blautum jarðvegi. Erum svona svipað há og tókum vel við okkur á vorin – tilbúin að spretta fram :)

Ertu á lausu?

Nei og á leið í hjónaband ef tilvonandi tengdamamma fengi að ráða

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Nei var búin að finna mér einn afdalabónða

Geta hænur flogið?

Ef þær vilja það.

HAUGMELTA Í HAUGHÚSIÐ

- NÁTTÚRULEG ÖRVERUFLÓRA
- MÝKIR SKÁN OG BOTNFALL

kemi Tunguhálsi 10 Sími 415 4000 www.kemi.is kemi@kemi.is

Faney Lind Hauksdóttir

21. október 1993 - Akureyri



Af hverju valdir þú búfræðinámið?

Ég hafði mikinn áhuga á þessu námi og fann loksins eitthvað sem mig langaði að læra svo hafði maður heyrt af góðu félagslífi hér, en það er stanslaust party að vera á Hvanneyri

Hvert er eftirminnilegasta atvikið?

Það er svo margt en t.d. þegar Friðrik spurði Eddu Þorvalds hvort einhver hefði ælt í tíma hjá henni áður, frekar fögur á svip

Hvert fórstu í verknám?

Fór í 3 vikur til Svíþjóðar og svo á Tannstaðabakka í Hrótafirði

Hvað var skemmtilegast úr verknáminu?

Það var allt skemmtilegt við þetta verknám, það var mjög gaman og fræðandi að fá að kynna kúabúskapnum í Svíþjóð og var dvölin þar framar öllum vonum. Ætli það sé ekki eftirminnilegast á Tannstaðabakka hversu mikið ég þoldi ekki eina kú sem hét Una því hún sneri sér alltaf við í básnum og fór undir spottann, svo þegar hún sá mann koma var hún fljót að hlaupa til baka undir spotta og keðjur og fara á básinn sinn

Skemmtilegasti tíminn í skólanum?

Það er erfitt að velja á milli þar sem það er mjög mikið af skemmtilegu efni, en mér finnst líffæra- og lífeðlisfræðin mjög spennandi

Hvað tekur við eftir nám?

Ætli ég byrji ekki á smá fæðingarorlofi og láti kallinn dekra mig svo kemur í ljós hvað gerist eftir það

Hvar sérðu þig eftir 10 - 15 ár?

Komin með 3-4 börn í sveit með kýr og kindur

Hver er harðasti Sauðfjárbóndi bekkjarins?

Jón Atli

Ef þú værir nytjaplanta, hvaða planta værir þú?

Jarðaber, rauð og sæt

Draumurinn að búa með ?

Kýr, kindur og mann til að elda handa mér

Komstu á Hvanneyri í leit að maka?

Nei, ég var búin að finna hann áður en ég kom

Hvers muntu sakna frá Hvanneyri?

Ég mun sakna alls! Bekkjarins, skólans, félagslífsins, Kollubars og bara að búa hérna

Hvað eru margar fjaðrir í járnuðum hesti?

....MARGAR!

Sögur frá eldri búfræðingum

Ég held að veturinn '85 - '86 hafi breytt ýmsu í skólalífi á Hvanneyri. Stúdentarnir voru ekki eins og áður, og A gangurinn í heimavistinni var í logum. Stúdentahópurinn var að fara fram á að keyra í hesthúsin, hætta kennslu á laugardögum, láta nemendur þrifa herbergin og koma upp þvottavélum þar sem nemendur gætu þvegið sinn þvott, til að lækka kostnað. Þessi mál fengu ekki góðar undirtektir hjá skólayfirvöldum og sagan var, að ef Magnús B. væri ennþá skólastjóri, þá væri búið að loka á alla þessa umræðu!

Þegar útskriftarnemendurnir voru 86 ákváðu að fara til Ítalíu á sólarströnd í útskriftarferð, þá fór nú allt liðið á Hvanneyri á hliðina! Áður höfðu útskriftarnemar alltaf farið að skoða fjós í Noregi eða Svíþjóð, með kennara frá Hvanneyri til að sjá til þess að allt færi vel fram.

Þessi skólavist mun alltaf vera mér kær. Ég eignaðist marga góða vini og lærði eitt og annað. Ég hef líka alltaf sagt að á Hvanneyri var ég svo heppinn að vera nemandi besta kennara sem ég hef haft í gegn um alla mína skólagöngu, sem var Magnús Óskarsson. Hann sýndi öllum nemendum virðingu og sagði okkur að allt sem við værum að læra í dag væri úr sér gengið eftir 5 ár.

Býflugnarækt

Ólfur Óskarsson, býflugnabóndi og lektor við Lbhi

Býflugnarækt er nýleg búgrein á Íslandi og býflugnaræktendum fer fjölgandi ár frá ári. Býflugnarækt var reynd hérlendis snemma á síðustu öld en lagðist af þegar leið á öldina m.a. vegna erfiðra aðdráttá og óhagstæðs veðurfarars. Tilraunir með býflugnarækt hófust aftur í byrjun þessarar aldar. Þrátt fyrir margvísleg áföll á undanförunum árum, m.a. vegna vetrarskaða og risjóttara sumra, þá eru núna liðlega eitthundrað áhugasamir býræktendur starfandi á Íslandi.

Býflugur (*Apis mellifera*)

Býflugur eru skordýr sem búa í sérstökum samfélögum þar sem eitt frjótt kvendýr (drottning) annast fjölgun og stjórnun búsins, en urmull ófrjórra vinnudýra sjá um fæðuöflun, uppbyggingu búsins, uppeldi ungvíðis og varnir. Býflugnasamfélög þarfnast mikillar fæðu sem öll kemur úr jurtaríkinu, mest öll úr blómum. Frjókorn eru prótínfæða býflugna en blómasafi er orkugjafinn. Hunangið sem býflugur búa til og safna í bú sín er gert úr sykrum blómasafa.

Þótt býflugur fari ekki í vetrardvala er lítil starfsemi í búnum yfir veturinn. Flugurnar halda á sér hita allan veturinn og nýta sér vetrarforðann, þ.e. hunangið, og fituförða líkamans sem orkugjafa. Strax og hlýna tekur og gróður lifnar á vorin fara flugurnar á kreik að afla sér viðurværis utan búsins og drottningin fer að verpa og flugunum að fjölga. Yfir hásumarið er mesti fjöldinn í búinu, drottningin getur verpt allt að 2000 eggjum á dag þegar mest lætur, og vinnuflugurnar skipta mörgum tugum þúsunda, allt að 100.000 í bú. Hvert bú framleiðir einnig hundruðir frjórra karldýra, sem sjá um að frjóvga ungdrottningar úr öðrum búum. Ungdrottningar eru aldar upp á sumrin og áður en þær klekjast er algengt að gamla drottningin flytji sig úr búinu ásamt stórum hluta vinnuflugnanna og stofni nýtt bú á nýjum stað. Þessi búferlaflutningur nefnist sveimun og góður býflugnabóndi getur komið í veg fyrir að slíkt gerist eða nýtir sér sveimina til að fjölga búunum.



Býflugnarækt

Býflugur á Íslandi eru eingöngu í umsjón manna en lífa ekki villtar. Flugurnar sem hafa verið fluttar til landsins undanfarin ár koma frá Álandseyjum en þar hefur tekist að halda býflugunum lausum við flesta sjúkdóma og sníkjudýr sem herja á býflugur um allan heim.



Í býflugnarækt þarf að endurnýja drottninguna í hverju bú á tveggja til þriggja ára fresti, annað hvort með því að kaupa nýja eða að sjá til þess að býflugurnar ali upp nýja drottningu. Búin eru í sérstökum kössum, úr hertu frauðplasti eða trjáviði, sem raðað er saman þannig að þeir myndi eitt rými. Í kassana er raðað römmum þar sem býflugurnar byggja smágerð, sexhyrnd hólfi úr vaxi sem þær framleiða sjálfar. Í hólfin verpir drottningin eggjum og þær elst ungvíðið upp. Hólfin nýta flugurnar einnig sem geymsluhólf fyrir hunang og frjókorn. Ýmsar útgáfur eru til af býflugnabúum til ræktunar og allar miða að því að tryggja góða afkomu búsins og auðvelda mönnum störfni við umhirðu flugnanna og uppskeru hunangs.

Umgengni við býflugur krefst yfirvegunar og þekkingar. Fylgjast þarf með mörgum þáttum í fjölgun og fæðuöflun flugnanna og grípa inn í á ýmsan hátt ef eitthvað hamlar framgangi búsins. Eins og flestir þekkja úr annarri ræktun, er veðurfar hérlendis á margan hátt óhagstætt. Sumrin eru það svöl að hver hlýindadagur skiptir flugurnar máli. Býflugnabóndinn þarf stundum að fóðra býflugurnar í óhagstæðri tíð, sérstaklega á vorin, þegar veður hindrar flug og blómþroska.

Staðsetning búna skiptir miklu máli. Nauðsynlegt er að velja þeim skýldan og sólríkan stað þar sem aðgengi er gott að ríkulegum blómgróðri og auðvelt að sinna búunum. Býflugur safna aðallega innan 2-3 km frá búinu en geta

farið lengra ef þörf er á. Hvert býflugnabú reiðir sig því á margra ferkílómetra svæði til fæðuöflunar.

Hunangið er megin afurðin í býflugnabúskap. Hunangstekjan frá búunum fer fram síðsumars og er þeim gefið syrkurfóður í staðinn til vetrarins. Hérlandis má gera sig ánægðan með 20-30 kg hunangsuppskeru úr stóru búi, en stöku sinnum verður uppskeran talsvert meiri ef sumarið er hagstætt. Til þess að lifa af veturinn þurfa flugurnar nægt fóður, ró og sæmilegt skjól og næga loftun í búunum til að koma í veg fyrir rakasöfnun og myglu.

Þótt býflugnarækt hérlandis sé fyrst og fremst skemmtileg tómstundariðja sem býr til gómsæta afurð, geta flugurnar engu að síður nýst sem frjóberar svo sem í jarðaberja-, rífs- og sólberjarækt en einnig mögulega í repjarækt.

Fyrstu skrefin í býrækt

Þeir sem hafa áhuga á að gerast býræktendur ættu í upphafi að skrá sig á námskeið í býrækt og jafnframt að setja sig í samband við reynda býflugnabændur. Egill Rafn Sigurgeirsson formaður Býflugnaræktendafélags Íslands (Bý) hefur haldið námskeiðaraðir undanfarin ár fyrir byrjendur og undanfarin ár hefur Landbúnaðarháskóli Íslands kennt

garðyrkjunum býflugnarækt. Landbúnaðarháskólinn stefnir jafnframt að endurmenntunarnámskeiðum og almennri fræðslu um býrækt, til að sinna eftirspurn.

Bý miðlar upplýsingum til byrjenda og hefur útvegað býflugnabændum flugur til ræktunar. Heimasíða Bý er www.byflugur.is og samskiptahópur á facebook um býrækt (Byflugur:D) miðlar fréttum og öðrum upplýsingum.



A large advertisement for Ergo. On the left, a close-up portrait of a man with a grey beard and a flat cap. On the right, a red tractor in a green field with mountains in the background. An orange banner at the bottom contains the text 'Við fjármögnum atvinnutæki' and icons for various services: a truck, a car, a house, a tractor, an airplane, a fork, and a bus. Below the banner, contact information for Suðurlandsbraut 14 is provided, along with the Ergo logo.

Við fjármögnum atvinnutæki



Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is


ergo

VILT ÞÚ HAFA ÁHRIF Á NÝTINGU, VERNDUN OG VIÐHALD NÁTTÚRUNNAR?

Kynntu þér spennandi nám í Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem nálægðin við viðfangsefnið og kennara er í forgrunni. Lítil skóli með mikla sérstöðu!

♦ www.lbhi.is ♦


SKÓGFRÆÐI- &
LANDGRÆÐSLA



NÁTTÚRU- &
UMHVERFISFRÆÐI



UMHVERFIS-
SKIPULAG



HESTAFRÆÐI



GARÐYRKJA &
BÚFRÆÐI



BÚVÍSINDI



BÚVÍSINDI

HESTAFRÆÐI

SKÓGFRÆÐI &
LANDGRÆÐSLA

NÁTTÚRU- &
UMHVERFISFRÆÐI

UMHVERFIS-
SKIPULAG

FRAMHALDSNÁM

STARFS- &
ENDURMENNTUN

 Landbúnaðarháskóli
Íslands

HÁSKÓLI LÍFS & LANDS

WWW.LBHI.IS | LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS | HVANNEYRI, 311 BORGARNESI | 433 5000 | LBHI@LBHI.IS

UMSÓKNARFRESTUR
5. JÚNÍ